ÍSLENSK TÚNAKORT FRÁ UPPHAFI 20. ALDAR:

AÐDRAGANDI, AÐFERÐIR OG ÁREIÐANLEIKI MÆLINGA OG UPPDRÁTTA



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR

REYKJAVÍK 2017

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

FS642-12161

Forsíðumynd er samsett úr ljósmyndum af þremur túnakortum sem teknar voru á Þjóðskjalasafni Íslands og má nálgast á vefnum http://skjalasafn.is/tunakort_i_thjodskjalasafni_islands

©2017

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: fsi@instarch.is

www.instarch.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur 5
   Aðferðafræði 7
   Þakkir 8
2. Aðdragandi og undirbúningur 9
   2.1 Lög og reglugerðir 9
   2.2 Undirbúningur og aðföng 14
   2.3 Skilgreiningar og deilumál 15
   2.4 Ráðning mælingamanna 17
   2.5 Kaup og kjör 20
3. Vettvangsvinna 25
   3.1 Mælingaaðferðir og mælingabækur 25
4. Skil á kortum og eftirlit með gæðum 37
5. Túnakortasafnið 43
   5.1 Útlit og einkenni kortanna 43
6. Nýting í fortíð og nútíð 51
7. Áreiðanleiki túnakortanna 53
   7.1 Einstaklingsbundnar villur, mismunur á milli svæða 53
   7.2 Kerfisbundnar villur 54
   7.3 Samanburður milli korta 57
8. Niðurlag 65

Heimildaskrá 67

Viðauki 1: Tafla með upplýsingum um túnamælingamenn 75-80

Viðauki 2: Sýnidæmi um túnakort í öllum hreppum 81-129

1. Inngangur

Heimatún bæja eru áhugavert rannsóknarefni. Túnin eru í raun réttri hjarta hverrar jarðar, þar bjó fólk, hélt skepnur, byggði smiðjur, ræktaði land o.s.frv. Í þeim standa sjálfir bæirnir, gjarnan á uppsöfnuðum bæjarhólum sem hafa að geyma ómetanlegan fróðleik um lifnaðarhætti og sögu lands og þjóðar. Umhverfis þá er svo oftast að finna fjölmörg hús og mannvirki, en dreifing minjastaða er hvergi eins þétt eins og innan gömlu túnanna sem hafa gjarnan verið á sama stað um aldir.

Með vélvæðingu um og eftir miðbik 20. aldar tóku íslensku heimatúnin miklum breytingum með stórfelldri sléttun, niðurrifi gamalla húsa og byggingu nýrra og eru forn útihús úr torfi og grjóti sá minjahópur sem hvað verst hefur orðið úti á 20. öld. Í langflestum tilfellum hafa hús úr torfi og grjóti horfið, oftast verið rifin og jafnað yfir hússtæðin eða ný hús úr steypu byggð á rústum hinna eldri. Ýmislegt bendir til að í gegnum aldirnar hafi verið talsverð samfella í notkun húsa, þannig að nýjum húsum hafi verið fundinn staður á grunni þeirra eldri. Lauslega má áætla að um 40.000 forn útihús hafi staðið í túnum landsins á einhverjum tímapunkti en líklega er innan við 2% þeirra enn við lýði í upprunalegri mynd.[1] Sökum þess að byggð í sveitum hér á landi er ekki eins þétt og víða annars staðar er landrými meira sem þýðir að minjar eru ekki í eins mikilli hættu og þar sem búið er mjög þétt og hver þumlungur lands ræktaður. Heimatún bæja eru þó undantekning frá reglunni og sá hluti menningarlandslagsins sem hvað verst er farinn hér á landi. Algengast er að lítil sem engin ummerki um eldri mannvistarleifar sjáist þar á yfirborði.

Að samanlögðu er ekki að undra að fornleifafræðingar hafi lagt á það talsverða áherslu á undanförnum árum að afla sér upplýsingar um minjar í túnum í þeim tilgangi að skrá þær og staðsetja.

Í fornleifaskráningu eru skráðar allar tiltækar upplýsingar um minjastaði, líkt og gömul bæjarstæði og útihús, og þeir staðsettir á vettvangi. Um útihúsin eru fáar heimildir og engar heildstæðar aðrar en túnakort sem gerð voru fyrir mestallt landið á árunum 1916-1925.[2] Á túnakortin voru merkt bæir, útihús og kálgarðar. Túnakortagerðina má með réttu telja fyrstu

[1] Þessar tölur byggja annars vegar á áætlun um að í landinu séu um 200.000 fornleifar, sbr. Svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur á Alþingi 2006-2007 og hins vegar á skráðum minjum í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands. Í grunninum eru um 100.000 minjastaðir og eru um 20% staða eru útihús.

[2] Hér verður miðað við þessi ártöl þar sem lang stærstur hluti kortagerðarinnar fór fram á þessu tímabili. Eins og kemur fram síðar í greininni var kortum í einstaka hreppi skilað síðar og allra síðustu tveimur hreppunum skilað inn árið 1930.

stórfelldu kortagerð Íslendinga og er hún gríðarlega merkileg sem slík. Túnakortin eru ólík flestri annarri kortagerð frá þessum tíma að því leyti að kortin voru teiknuð í mjög stórum mælikvarða (1:2000) og þau voru ekki ætluð til birtingar, heldur voru þau gerð til að styðja við framfarir í jarðrækt og auka yfirsýn yfir stöðu landbúnaðarins.

Kortin virðast hafa gleymst fljótt og lágu að stóru leyti ónýtt í skjalageymslu Þjóðskjalasafns Íslands allt fram á síðustu áratugi. Kortin voru því í raun gleymd heimild þegar fornleifafræðingar rákust á þau við yfirferð um heimildir í leit að vísbendingum um fornleifar á 10. áratug 20. aldar.[3] Þeir hófu skipulega notkun á þeim í tengslum við skráningu fornleifa og hefur notkun túnakortanna aukist gríðarlega á undanförnum árum enda túnakortin veigamesta heimildin um menningarlandslag og minjar í túnum á Íslandi fyrir vélaöld.[4]

Þrátt fyrir að höfuðmarkmið túnamælinganna hafi verið að safna áreiðanlegum upplýsingum um stærðir túna og kálgarða er ljóst að það sem gerir túnakortin einstæð og gefur þeim gildi enn í dag er sjálf kortateikningin, þ.e. uppdrættirnir af sjálfum túnunum sem sýna tún, bæi og útihús. Túnakortin eru einstæð þar sem þau eru e.k. svipmynd (ensk. *snapshot*) af íslensku menningarlandslagi um áratugatímabili í upphafi 20. aldar.

Til að koma til móts við stækkandi notendahóp og bæta aðgengi að túnakortunum voru kortin nýlega ljósmynduð og gerð aðgengileg á vef Þjóðskjalasafns og á evrópsku gagnaveitunni Archives Portal Europe.[5] Árið 2016 hlutu túnakortin svo talsverða upphefð en þá voru þau valin á landsskrá Íslands um Minni heimsins.[6]

Við skráningu fornleifa er jafnan reynt að hafa uppi á staðkunnugum heimildamönnum sem muna liðna tíð, þekkja minjastaði og geta aðstoðað við nýtingu kortanna enda stundum erfitt að staðsetja þau mannvirki sem sýnd eru á kortunum nákvæmlega þar sem þeim hefur oft verið rutt út, tún stækkuð og umhverfi gjörbylt auk þess sem áttahorf kortanna er ekki alltaf ljóst. Þeim heimildamönnum sem muna fyrstu áratugi 20. aldar, áður en vélvæðing og túnasléttun kemst á fullt skrið fer óðum fækkandi og því standa túnakortin æ meira sem sjálfstæð heimild, óstudd af

[3] Orri Vésteinsson. 16.11.2016, munnleg heimild.
[4] Mjög grófa hugmynd má fá um stærð og legu túna af Herforingjaráðskortunum frá 1900-1940, en þau voru teiknuð í mælikvarðanum 1:50.000 og er því ekki líku saman að jafna um nákvæmni og á lengra tímabili sem nær inn í vélaöld. Dönsku bæjateikningarnar frá 1902-1920 eru góð heimild (í kvarðanum 1:10.000) en ná aðeins yfir lítinn hluta íslenskra túna (mest jarðir á Suðurlandi). Þær er að finna á vefnum: http://www.lmi.is/landupplysingar/soguleggogn/
[5] Kortin má bæði finna á vefslóðinni: http://manntal.is/myndir/Tunakort/ og www.archivesportaleurope.net
[6] sjá frétt um málið á vef menntamálaráðuneytis: https://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/minni-heimsins og upplýsingar um kortin á heimasíðu íslensku ICOMOS nefndarinnar: http://unesco.is/landsskra-islands-um-minni-heimsins/

öðrum frásögnum og heimildum. En hvað vitum við um þessa umfangsmiklu og metnaðarfullu kortagerð sem minjaskráning í túnum hvílir á og hversu áreiðanleg hún er?

Flest túnakortin sýna sömu grunnupplýsingar: útlínur túna og staðsetningu bæja, útihúsa, kálgarða og gatna auk þess sem skráðar eru á þau upplýsingar um stærð túna og garða, og hversu stórt hlutfall hvers túns taldist sléttað. Sum kortin eru nánast eins og listaverk, nákvæm og ítarleg og máluð í litum, en önnur eru grófgerð og einföld, næstum eins og riss, þó öll byggi þau á mælingum. Túnakortin voru unnin af heimamönnum í hverju héraði og endurspeglar fjölbreytileiki kortanna misjafna þekkingu, metnað, handbragð og nákvæmni einstakra kortagerðarmanna. En fjölbreytileikinn veldur því einnig að heimildagildi kortanna er mismikið, nokkuð sem fram að þessu hefur ekkert verið kannað. Nýverið fékk höfundur styrk úr Rannsóknarsjóði Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar til að kanna aðdraganda kortagerðarinnar, forsendur hennar, þær aðferðir sem notaðar voru, nákvæmni þeirra og kortanna og afla upplýsinga um mælingamennina sem unnu verkið og bakgrunn þeirra. Í ljósi sívaxandi notkunar kortanna þótti sýnt að slík rannsókn gæti orðið bæði fróðleg og nauðsynleg til að varpa ljósi á þær forsendur sem kortagerðamennirnir fylgdu við kortagerðina og nákvæmni kortanna.

Aðferðafræði

Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi mælingar á túnum á Íslandi á árunum 1916-1925, á aðdraganda þess að ráðist var í kortagerðina, aðferðafræði, þá tækni sem beitt var við mælingar, menntun og bakgrun mælingamanna og fjölbreytileika/samræmi kortagagnanna og hvernig þau nýttust til þess hlutverks sem þeim var í upphafi ætlað. Til að skoða þetta voru öll tiltæk gögn um túnakortagerðina rannsökuð. Skipta má framkvæmd rannsóknar í þrennt:

a) Túnakort voru skoðuð úr öllum þeim 204 hreppum sem túnakort eru til fyrir og mat lag á það hvaða upplýsingar kæmu þar fram, nákvæmni o.s.frv.

b) Mælingabækur mælingamanna sem unnu við túnakortagerðina eru varðveittar úr um 75 hreppum og voru þær rannsakaðar til að kanna hvaða aðferðum mælingamenn beittu, hvort mælingaaðferðir væru alls staðar þær sömu og hvort einstakir mælingamenn hafi fylgt fyrirmælum um mælingaraðferðir.

c) Það skjalasafn sem er varðveitt varðandi kortagerðina var einnig kannað og leitað eftir upplýsingum um aðdraganda, framkvæmd og aðferðafræði túnakortagerðarinnar.

Samhliða ofangreindri yfirferð var einnig safnað upplýsingum um mælingamennina, bakgrunn þeirra, menntun og reynslu.

Hér birtist lokaskýrsla um verkefnið en grein um helstu niðurstöður þess mun einnig birtast í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*.

Skýrslan er byggð upp þannig að fyrst verður fjallað um aðdraganda þess að ráðist var í túnakortagerðina en því næst gerð grein fyrir þeim aðferðum sem notaðar voru við mælingarnar og framkvæmd þeirra. Þá verður fjallað um mælingamennina sem mældu upp túnin, túnakortin sjálf, fjölbreytileika þeirra og einkenni, veikleika og styrkleika og þá tekin nokkur samanburðardæmi um mælingaaðferðir. Að lokum eru dregnar saman helstu niðurstöður verkefnisins.

Þakkir

Verkefni þetta hlaut sem fyrr segir styrk úr Rannsóknarsjóði Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar, sem veitt hefur styrki til verkefna sem snúa að rannsóknum á korta- og landfræðisögu Íslands og eru sjóðnum færðar góðar þakkir fyrir hann. Fornleifastofnun Íslands styrkti verkið m.a. með því að kosta aðstöðu og greiða efniskostnað og sjálfur lagði höfundur í verkið aukalega um mánaðarvinnu, ólaunaða.

Rannsóknin var unnin í góðri samvinnu við Þjóðskjalasafn Íslands sem veitti aðgang að túnakortum sem og öðrum korta- og mælingagögnum. Starfsmenn safnsins voru óþreytandi að aðstoða við ýmsar fyrirspurnir, þó sérstaklega Jón Torfason sem fær kærar þakkir fyrir margvíslega aðstoð og liðlegheit. Höfundur vill einnig þakka Birnu Lárusdóttur og Orra Vésteinssyni, fornleifafræðingum, fyrir aðstoð og yfirlestur og Oscari Aldred fyrir samvinnu í upphafi verks og margvíslegar ábendingar og aðstoð.

2. Aðdragandi og undirbúningur

Hugmyndin að því að ráðast í heildstæða kortagerð af túnum íslenskra bæja virðist fyrst hafa kviknað hjá félögum í Ræktunarfélagi Norðurlands. Á Búnaðarþingi 1913 lagði félagið fram tillögu þess efnis að Búnaðarfélag Íslands myndi hvetja til þess að tún og matjurtagarðar hér á landi yrðu mæld upp til að auka yfirsýn og þekkingu.[7] Tillögunni fylgdu hugmyndir um hvernig mætti standa að slíkum mælingum og skipta kostnaði vegna þeirra. Úr varð að Búnaðarþingið samþykkti tillögu þar sem lagt var til að umræddu máli yrði beint til Alþingis og það beðið um að taka málið að sér og koma því í framkvæmd. Frá upphafi lagði Búnaðarfélagið áherslu á að mælingarnar yrðu vandaðar og kerfisbundnar en að mikilvægt væri að halda þeim og þeim kortum sem gerð yrðu einföldum til að draga úr kostnaði við verkið. Af þessum sökum var lagt til að ekki yrðu gerðar hæðarmælingar eða greiningar á gróðurfari.[8]

2.1 Lög og reglugerðir

Þingsályktunartillaga um túnamælingar var lögð fram á Alþingi strax sama haust. Flutningsmaður var Sigurður Sigurðsson frá Langholti í Flóa, þingmaður Árnesinga, sem skoraði á Stjórnarráðið að undirbúa málið fyrir næsta Alþingi.[9] Sigurður taldi hagkvæmast að vinna mælingarnar í samstarfi við búnaðarfélögin og nýta starfsmenn þeirra sem ynnu að mælingum vegna jarðabóta (sem búnaðarfélögin höfðu staðið fyrir). Hann lagði einnig til að kostnaði yrði skipt, t.d. að Landssjóður borgaði helming en landeigendur hinn helminginn. Til að hægt væri að framkvæma slíkar túnamælingar sagði Sigurður nauðsynlegt að semja lög og reglugerð um málið og taldi hann að ábyrgðin á því að koma slíku í framkvæmd hlyti að liggja hjá landsstjórn og löggjafarvaldi. Helstu rök Sigurðar fyrir því að ráðast í þetta stóra verkefni sneru að upplýsingaþörf hinnar nýstofnuðu Hagfræðistofu Íslands. Stærð túna og kálgarða hafi verið skráð allt frá lokum 18. aldar (1787) þegar Rentukammerið skipaði fyrir um gerð búnaðarskýrslna. Skýrslurnar voru teknar saman af hreppstjórum en upplýsingar um stærð túna og kálgarða byggðu oftast aðeins á mati ábúenda/hreppstjóra en ekki á eiginlegum mælingum. Túnamælingin var að mati Sigurðar nauðsynleg svo að hægt væri að bæta hagfræði landsins og búnaðarskýrslur. Hann benti á að samkvæmt lögum um hagfræðiskýrslur frá 8. nóvember 1895 (3. gr.), hefði bændum verið gert skylt að veita nákvæmar upplýsingar um stærð túna sinna og sáðlands en bændur hafi engar forsendur til að meta slíkt og því væru þær skýrslur sem skilað hafi verið byggðar á ágiskunum og

[7] Búnaðarrit 1913, bls. 312-313.
[8] Þetta kemur m.a. fram í bréfi Búnaðarfélags Íslands en Jón Þorláksson landsverkfræðingur hafði m.a. spurt um hæðarmælingar og gróðurfarsgreiningu. Bréf Búnaðarfélags Íslands til Stjórnarráðs. Undirritað af Guðmundi Helgasyni, dagsett 13. ágúst 1915.
[9] 116. mál, mælingar á túnum og matjurtagörðum.

gagnslitlar.[10] Sigurður lagði til að samhliða flatarmálsmælingu af túnum og matjurtagörðum yrði gerð ummálsteikning af öllum túnum og greint yrði á milli þess hlutar túnsins sem væri sléttur og þýfður. Hann fór þess á leit að landsstjórnin tæki málið upp á sína arma og legði fram frumvarp á Alþingi 1915. Þingsályktunartillagan var samþykkt í neðri deildinni.

Rúmu ári seinna, þann 14. mars 1914, sendi Stjórnarráðið Búnaðarfélagi Íslands bréf þar sem það fór þess á leit að félagið setti fram tillögur um mælingu túna og matjurtagarða og gerði rannsókn á því hvað slíkt kynni að kosta. Stjórnarráðið fór þess einnig á leit að stjórn félagsins léti gera drög að lagafrumvarpi kæmi í ljós að nauðsynlegt væri að semja lög um framkvæmd mælinganna.

Sama sumar skrifaði Búnaðarfélagið fjórum af stærri búnaðarsamböndum sínum (Ræktunarfélagi Norðurlands og Búnaðarsamböndum Austurlands, Suðurlands og Vestfjarða) og fól þeim að kanna hver kostnaður við túnamælingar á þeirra svæði yrði. Í þessu skyni fengu samböndin fjögur mælingamenn til að mæla tún í vikutíma þá um sumarið, eftir þeim tilmælum sem komið höfðu fram í þingsályktunartillögunni. Gætt var að því að túnin væru fjölbreytileg að gerð en að sama skapi að ekki væri langt á milli túna. Mælingamönnunum var gert að greina á milli þess tíma sem fór í ferðir og mælingar og sömuleiðis að greina frá því ef einhverjar aðrar mælingar eða störf hefðu verið unnin samhliða túnamælingunum. Einnig skyldi taka fram hvaða aðstoðar mælingamennirnir nutu við mælingarnar. Niðurstöðurnar reyndust æði misjafnar. Sá mælingamaður sem var fljótastur (Jón Jónatansson á Suðurlandi) var um 5,4 klukkustund að mæla tún að meðaltali en sá sem lengstan tíma tók eyddi 19 ¼ klukkustund að meðaltali í hvert tún (Benedikt Blöndal á Austurlandi). Var þó tekið fram að stutt hefði verið á milli bæja hjá Jóni en langt hjá Benedikt og kortagerðin hjá þeim síðarnefnda hefði verið mjög vönduð og gerð í tvennu lagi. Allir mælingamennirnir höfðu með sér aðstoðarmann og einn eða tvo menn að nokkru leyti. Niðurstaða Búnaðarfélagsins var sú að ætla mætti að mæling meðaltúns og matjurtagarða ásamt kortagerð tæki að meðaltali um 8,9 klukkustundir og væri því eitt dagsverk. Búnaðarfélagið ályktaði því að raunhæfast væri að áætla að kostnaður við mælingar og kortagerð á einu býli væri dagslaun mælingamanns, auk ferðakostaðar og launa aðstoðarmanns eða samtals um 8 krónur á býli. Þetta þýddi að ef mæld væru upp þau 6500 býli sem þá voru í landinu yrði kostnaður við mælinguna um 52.000 kr. Til að setja þessa fjárhæð í samhengi má nefna að áætlaðar meðaltals árstekjur verkamanna sama ár voru um 700 krónur.[11] Það má því gera ráð fyrir að áætlaður kostnaður við mælingarnar hafi verið svipaður og 74 árslaun verkamanna á þessum tíma.[12] Til

[10] 116. mál, mælingar á túnum og matjurtagörðum.
[11] Hallur Örn Jónsson. 2014, bls. 10-12.
[12] Til samanburðar mætti einnig nefna að útgjöld ríkisins í fjárlögum fyrir árið 1914-1915 var samanlagt um

samanburðar má nefna að um hundrað árum síðar (2013) voru meðalárslaun verkafólks ríflega 5 milljónir og 74 árslaun því 380 milljónir.[13] Frá upphafi var því ljóst að allmikill kostnaður hlytist af verkinu og Búnaðarfélagið gerði ekki ráð fyrir að ráðist yrði í það strax. Það taldi þó gagnlegt að lagafrumvarp um mælingarnar yrði lagt fram á komandi þingi en ekki afgreitt, svo að kostnaður vegna þess væri ekki óvæntur heldur gætu menn þess í stað rætt málið milli þinga og undirbúið sig.[14] Bréfi Búnaðarfélagsins fylgdu drög að lögum um mælingarnar sem innihéldu fimm greinar og skýringar við þær. Inntak laganna var að öll tún og matjurtagarða á landinu (fyrir utan kaupstaði) skyldi mæla á næstu sex árum frá lagasetningunni og gera samhliða því teikningar af túnunum. Gert var ráð fyrir að Stjórnarráðið fengi mælingar og kort til eignar en afrit af þeim skyldi gera og afhenda jarðeigendum. Sýslunefndir skyldu hafa umsjón með framkvæmd mælinganna. Tvær af lagagreinunum fimm fjölluðu um hvernig skipta skyldi kostnaði vegna mælinganna. Lagt var til að Landssjóður greiddi 2 kr. fyrir hvert býli sem metið væri til dýrleika en að auki 15 aura fyrir hvert hundrað.[15] Hinn hluti kostnaðar átti svo að greiðast úr hreppssjóði þegar oddviti sýslunefndar hefði tilkynnt hreppsnefnd um á hvaða jörðum mælingar hefðu farið fram það árið og hver kostnaður við það hefði verið umfram þá greiðslu sem úr Landssjóði kæmi. Hreppsnefnd skyldi þá jafna kostnaði niður á þær jarðir sem mældar voru að hálfu eftir býlatölu en að hálfu eftir hundraðatölu, en það skyldi þó tryggt að kostnaður á býli vegna hundraðatölu yrði aldrei meira en 10 krónur. Í lagagreininni kom fram að ábúanda væri skylt að greiða þetta gjald og að það mætti taka lögtaki. Leiguliða væri hins vegar heimilt að halda því eftir af „eftirgjaldi“ jarðarinnar.

Frumvarp til laga um mælingar á túnum og matjurtagörðum var lagt fram á Alþingi sumarið 1915. Flutningsmenn þess voru þeir Sigurður Sigurðsson og Þórarinn Benediktsson[16] og var frumvarpið samþykkt þann 13. nóvember 1915 með litlum breytingum. Stærstu breytingarnar fólust annarsvegar í því að fest var í lögin að mælingum ætti að vera lokið 1920 og því áætlaður styttri tími í verkið en ráðgert var í upphafi og hins vegar hafði hlutur Landssjóðs í kostnaði lækkað þar sem samþykktu lögin gerðu ráð fyrir því að Landssjóður borgaði flata greiðslu, 3 kr. fyrir hvert mælt býli í stað 2 kr. og að auki 15 aura fyrir hvert jarðarhundrað.[17]

3,7 milljónir. Norðurland 1913, bls. 102.

[13] Sjá fréttatilkynningu frá ASÍ, í september 2014 „Forstjórar með tugföld árslaun á við venjulegt launafólk“. Birtist m.a. í Morgunblaðinu og á fleiri stöðum.

[14] Bréf Búnaðarfélags Íslands til Stjórnarráðs Íslands, undirritað af Guðmundi Helgasyni, dagsett 4. maí 1914. Fylgiskjal með 100. frumvarpi til laga um mælingar á túnum og matjurtagörðum.

[15] Þeir reiknuðu með að samanlagt væru um 86.000 hundruð í býlum landsins.

[16] 52. mál, tún og matjurtagarðar.

[17] Lög nr. 58/1915 um mælingar á túnum og matjurtagörðum Áður var gert ráð fyrir að kostnaði yrði skipt nokkurnveginn jafnt á milli ábúenda og landssjóðs.

Nd. 972. LÖG

um mælingar á túnum og matjurtagörðum.

(Afgreidd frá Nd. 13. september).

1. gr.

Tún öll og matjurtagarða á landinu, utan kaupstaða, skal mæla á næstu árum eftir að lög þessi koma í gildi, og skal mælingunum lokið 1920. Stjórnarráðið útnefnir hæfilega marga menn til mælinganna, en sýslunefndirnar gera tillögur um tilnefninguna; það semur reglugjörð um mælingarnar og lætur sýslunefndir hafa eftirlit með framkvæmd þeirra.

Undanþegin nýjum mælingum eru tún þau og matjurtagarðar, sem mæld hafa verið á síðustu 5 árum svo að ábyggilegt sje, en um ummálsdrætti þeirra fer svo sem fyrir er mælt í 2. gr.

2. gr.

Um leið og túnin eru mæld, skal gera ummálsdrátt af þeim í tveimur eintökum. Annað eintakið skal sent Stjórnarráðinu, en hitt jarðeigandanda. Ummálsdrátturinn skal gerður eftir mælikvarðanum 1:2000.

3. gr.

Fyrir ummálsdrætti þá af túnum og matjurtagörðum, sem Stjórnarráðinu eru látnir í tje, greiðir landssjóður 3 kr. fyrir hvert býli, sem metið er til dýrleika, og skal fje þetta greiðast til oddvita sýslunefndar, þá er lokið er mælingunum í sýslunni það ár, en hann greiðir það upp í kostnaðinn við mælingarnar.

4. gr.

Sá hluti kostnaðarins, sem eigi greiðist úr landssjóði, skal greiðast úr hreppssjóðum, þá er oddviti sýslunefndar hefir tilkynt hreppsnefnd á hverjum jörðum í hreppnum mælt var það ár og hver kostnaðurinn var við það um fram það, sem úr landssjóði greiðist. Hreppsnefnd jafnar því svo niður á jarðirnar, sem mælt var á, að hálfu eftir tölu býla, sem metin eru til dýrleika, en að hálfu eftir hundraðatölu. Þó má sá helmingur, sem miðaður er við hundraðatölu, aldrei fara fram úr 10 kr. á býli. Ábúanda er skylt að greiða þetta gjald og má taka það lögtaki. En leiguliða er heimilt að halda því eftir af eftirgjaldi jarðarinnar.

Lög um mælingar á túnum og matjurtagörðum

Hvorki Búnaðarfélagið né flutningsmenn frumvarpsins á Alþingi höfðu gert ráð fyrir að lögin næðu í gegn svo hratt og þegar ofan á bættist að tímarammi verksins hafði verið styttur er ljóst að hröð handtök hefur þurft að hafa til að koma verkinu af stað. Þann 14. desember 1915 sendi Stjórnarráðið stjórn Búnaðarfélags Íslands beiðni um að félagið semdi reglugerð um lagafrumvarpið.[18] Búnaðarfélagið brást vel við beiðninni og var reglugerðin send til baka þann 28.

[18] Bréf Stjórnarráðs Íslands til stjórnar Búnaðarfélags Íslands dagsett 14. desember 1915.

janúar 1916.[19] Reglugerðin samanstóð af átta greinum. Í henni er kveðið á um margvísleg praktísk atriði er vörðuðu túnamælingar. Þar kom fram að auk kaupstaða væru undanskilin mælingu tún sem mæld hefðu verið á ábyggilegan hátt síðustu 5 ár á undan, ef til væri uppdráttur af túnunum eða hægt væri að gera hann á grundvelli mælinga (1. gr.). Í reglugerðinni er ítrekað hvernig verkstjórn og umsjón mælinga skuli háttað og þar kemur fram að Stjórnarráðið geti í samvinnu við sýslunefndir falið búnaðarsamtökum umsjón mælinganna. Í reglugerðinni er kveðið á um að stærð túna skuli tilgreind í teigum (hekturum) með einum aukastaf og stærð matjurtagarða skuli koma fram í fermetrum á uppdrættinum. Einnig kemur fram að kortin skuli vera í mælikvarðanum 1:2000 og skuli gerð á þann pappír sem Stjórnarráðið muni tilgreina og útvega (gr. 3). Í reglugerðinni er tún skilgreint sem „....það land, sem borið er á og árlega slegið“ og matjurtagarðar „þeir, sem í daglegu máli eru kallaðir garðar og sáð er í til kartaflna, rófna eða annarra matjurta“ (gr. 4 og 5). Í reglugerðinni er kveðið á um að þess sé getið sérstaklega ef tún hafi nýlega verið færð út en útgræðslan ekki komin í rækt og einnig að nátthaga skuli mæla hvort sem hann sé áfastur túni eða stakstæður, ef hann sé girtur „sauðheldri girðingu, taddur og árlega sleginn“.[20] Í reglugerðinni kemur fram að sáðlönd, sem gera á að túnum en sáð séu til bráðabirgða höfrum eða öðru, skuli talin með túnum en jafnframt að ef óræktaðir blettir, s.s. mýrasund eða móar, nema fjórðungi eða meira af teigi innan túns skuli draga stærð þeirra frá túnstærðinni og sýna svæðið á túnakortinu (gr. 4). Í reglugerðinni kemur skýrt fram (gr. 6) að við mælingarnar eigi að nota keðju eða mæliband og hornspegil eða krosstöflu, „eftir því sem þarf“ og mælistangir en þess getið að í stað þeirra megi nota alls konar sköft. Kveðið er á um að túnið „með hússtæðum og öðru, sem innantúns er,“ skuli mælt og staðsett en draga eigi matjurtagarða, bæjarstæði og önnur hússtæði og vegi frá túnstærðinni (gr. 6 og 7). Fram kemur að sýna skuli þann hluta túns sem sé girtur með punktalínu og giska á hversu stór hluti túns sé sléttur/þýfður. Samkvæmt reglugerðinni skyldi gera tvö eintök af öllum túnakortum og afhenda þau oddvita sýslunefndar í árslok hvert ár sem kæmi öðru þeirra í Stjórnarráðið en hitt eintakið skyldi senda ábúanda.[21] Í fylgiskjölum með drögum að reglugerðinni frá Búnaðarfélaginu (sem var samþykkt óbreytt) kemur fram að Búnaðarfélagið hafi fallið frá þeirri hugmynd að mælingamenn hefðu aðstoðarmenn með sér í ferðum en þess í stað var lagt til að þeir skyldu leita sér aðstoðar á þeim bæjum sem mældir væru og greiða fyrir viðvikið þóknun sem mælingamaður og aðstoðarmaður

[19] Reglugjörð um mælingar á túnum og matjurtagörðum samkvæmt lögum númer 58, 3. nóvember 1915. 1916, bls. 37-38.
[20] Reglugjörð um mælingar á túnum og matjurtagörðum samkvæmt lögum númer 58, 3. nóvember 1915. Reglugerð nr. 10/1916.
[21] Samkvæmt þessu hafa ábúendur á nærri öllum jörðum landsins fengið túnakort til eignar. Þetta er athyglivert, en höfundur sem hefur farið víða um sveitir og skráð fornleifar hefur ekki enn hitt heimildamann á nokkrum bæ sem lumar á slíkum uppdrætti.

skyldu semja um. Í skjalinu kemur fram að Búnaðarfélagið hafi velt fyrir sér að setja inn í reglugerðina kvöð á ábúanda eða jarðareiganda varðandi umrædda aðstoð en hafi fallið frá því þar sem ekki var talin þörf á því. Félagið taldi að þetta ætti að geta lækkað kostnað við mælingar talsvert. Í bréfinu kemur einnig fram að Búnaðarfélagið taldi best að einungis yrði tilnefndur einn mælingamaður í hverri sýslu, sér í lagi þeim minni.[22]

2.2 Undirbúningur og aðföng

Þegar reglugerðin var komin fram var ljóst að hefjast þyrfti handa við að leysa úr ýmsum praktískum málum og má sjá af skjalasafni varðandi túnamælingarnar að vorið 1916 var unnið að úrvinnslu slíkra mála. Eitt af þeim atriðum sem þurfti að ráða fram úr var á hvernig pappír túnakortin skyldu gerð og var leitað álits landsverkfræðings á því.[23] Úr varð að túnakortsuppdrættir þeir sem skilað skyldi til Stjórnarráðsins skyldu vera gerðir á teiknipappírsarkir sem væru 55 x 37 cm stórar (stærri en A3 sem er um 42 x 30 cm). Það var tekið fram að ekki mætti skipta örkunum upp þar sem túnakortin skyldu öll vera í sömu stærð en leyfilegt væri að teikna fleiri en eitt tún innan sama hrepps á sömu örk, ef pláss leyfði. Eintak jarðeiganda átti hins vegar að vera gert á gagnsæjan pappír og var mælingamönnunum gert að ákveða stærð þeirra blaða. Pappírinn var fenginn frá Hollandi og kostaði örkin um 3 aura.[24] Af bréfaskriftum má ráða að talið var nauðsynlegt að allir lokauppdrættir skyldu dregnir með teiknibleki þótt ekki hafi fundist tilskipun um það til mælingamanna.

Í reglugerðinni og skrifum í kjölfar hennar kemur ekkert fram um mælingabækur, frumgögnin sem urðu til á vettvangi og virðist einfaldlega ekki hafa verið hugað að því. Það var ekki fyrr en eftir að mælingar voru hafnar að tekin var afstaða til þessara gagna. Búnaðarfélagið ritaði þá Stjórnarráðinu bréf um þetta efni (þann 29. maí 1916) og hvetur eindregið til að skylda mælingamenn til að skila inn mælingabókum sínum, enda megi þannig sannreyna stærðir á túnum og gerðum auk þess sem það verði „aðhald fyrir mælingarmennina að vanda verk sitt.“[25] Eitthvað dróst að Stjórnarráðið tæki formlega afstöðu til þessa máls en þann 3. ágúst sama ár sendir það bréf til allra sýslumanna landsins þar sem þeim er tjáð að mælingamönnum sé skylt að skila inn mælingabókum sínum um leið og þeir skila inn túnakortunum. Í bréfinu kemur fram að nota

[22] Fylgiskjal með drögum að reglugerð um túnamælingar, frá Búnaðarsambandi Íslands til Stjórnarráðs, dagsett 29. desember 1915.
[23] Bréf Stjórnarráðs Íslands til Jóns Þorlákssonar landsverkfræðings, dagsett 4. maí 1916.
[24] Pappírinn var seldur í Verslun Þórs B. Þorlákssonar. Bréf Jón Þorlákssonar landsverkfræðings til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 30. maí 1916.
[25] Bréf Búnaðarsambands Íslands til Stjórnarráðs Íslands undirritað af Guðmundi Helgasyni, dagsett 29. maí 1916.

megi í verkið alls kyns minnisbækur, „varanlegar skrifbækur“ en mælingamenn þurfi að kaupa þær sjálfir.[26]

2.3 Skilgreiningar og deilumál

Í upphafi túnamælinga virðast ýmis álitamál hafa komið upp sem gjarnan sneru að skilgreiningaratriðum, svo sem því hvernig skilgreina skyldi býli (þ.e. þau tún sem skyldu mæld og greitt var fyrir), hvort teikna skyldi upp staka ræktaða túnbletti og hvaða kálgarða ætti að teikna og hvaða görðum mætti sleppa.

Lykilatriði í lögunum var sú skilgreining að greitt yrði úr Landssjóði fyrir hvert mælt „býli sem metið væri til dýrleika“. Þetta orðalag mátti skilja á fleiri en einn veg. Í upphafi veltu menn því fyrir sér hvort skilgreiningin næði e.t.v. aðeins til þeirra býla sem metin væru til dýrleika í gildandi jarðamatsbók en væri það raunin hefði átt að mæla saman öll fjölbýli en þannig hefði verkið sem gjaldið var miðað við orðið mjög misjafnt. Önnur túlkun á sömu grein, og sú sem varð ofan á, var að býli væri skilgreint sem hver jörð eða jarðarhluti sem væri í sérstakri ábúð manns eða félags „því jarðarhlutinn er jafnt metinn til dýrleika sem jörðin, er hann er hluti af“.[27]

Enn meiri óvissa virðist í upphafi hafa verið um hvað ætti að gera við lóðir eða útmælda bletti úr jörðu sem einstakir menn höfðu tekið á leigu til ræktunar án þess að sérstakt mat hefði enn verið sett á og þar af leiðandi ekki greiddur ábúðarskattur af. Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu segir í bréfi sínu til Stjórnarráðsins að þar sem tilgangur laganna sé að fá sem skýrasta mynd af ræktuðu landi hljóti að vera betra að slík tún séu mæld. Hann segir að líklega gegni öðru máli með eyðibýli sem ættu þá líklegast að teljast til túna jarðareiganda og falla undir það gjald, séu þau nýtt af honum. Hann leggur að lokum til að miðað sé við að greitt sé fyrir tún á öllum þeim jörðum sem ábúðarskattur sé greiddur af og að auki séu mæld (og greitt fyrir) þau sérstöku býli sem eru í rækt þótt ábúandi sjálfur greiði ekki ábúðarskatt af landinu.[28]

Þar sem fjölbýli sem væru metin til dýrleika innan jarðar (og ábúandi hefði ákveðið hundraðatal af henni), þá úrskurðaði Stjórnarráðið að jörðin skyldi teljast jafnmörg býli og ábúendur væru. Þar sem túnum væri skipt á milli ábúenda skyldi gera einn uppdrátt og merkja allar skákir eigendum. Ef einn maður ætti og hefði til ábúðar fleiri en eina jörð sem metin væri til dýrleika skyldu þær skoðast sem eitt býli en ef tún næðu ekki saman þyrfti að gera uppdrátt fyrir hvert þeirra. Stjórnarráðið taldi einnig að þau býli, þar sem hundruðunum væri skipt milli

[26] Tilskipun Stjórnarráðs Íslands frá 3. ágúst 1916 og Bréf Stjórnarráðs Íslands til sýslunefndar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dagsett 21. febrúar 1917.
[27] Á þetta benda ýmsir s.s. sýslumaður Rangárvallasýslu í bréfi til Stjórnarráðsins. Bréf Björgvins Vigfússonar sýslumanns í Rangárvallasýslu til Stjórnarráðs, dagsett 7. júlí 1916. Ýmis bréf frá Vigfúsi Guðmundssyni, t.d. til sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu, dagsett 20. júní 1916.
[28] Bréf Björgvins Vigfússonar sýslumanns í Rangárvallasýslu til Stjórnarráðs, dagsett 7. júlí 1916.

nokkurra ábúenda, skyldi telja til dýrleika og jafnframt að mæla bæri afgirta og ræktaða túnskika, eins og þá sem ræktaðir höfðu verið af ungmennafélögum.[29]

Stjórnarráðið úrskurðaði að jarðareigandi skyldi bera kostnað vegna mælinga á litlum þurrabúðartúnum sem leigð væru frá honum eða látin erfðafestu og sömuleiðis bæri jarðareiganda að greiða fyrir mælingu á ræktuðum þurrabúðablettum í kauptúnum sem byggst hefðu úr landi hans.[30] Þar sem kálgarðar og tún höfðu verið ræktuð úr jörðum sem ekki voru metnar til dýrleika var ekki talið að unnt væri að rukka eigendur jarðanna sem þær byggðust úr heldur yrði að láta á það reyna að rukka eigendur umræddra túna og kálgarða og láta dóm ganga um málið. Ef ekki fengist greiðsla var talið að hún myndi einfaldlega lenda á hreppsnefnd. Stjórnarráðið taldi hins vegar óþarft að teikna upp tún sem voru hálfur hektari eða minna og var ákveðið að mælingin ein dygði þar.[31]

Þegar kom að því að jafna út kostnaði vegna mælinganna var miðað við að landeigendur greiddu fyrir mælingar á sínum túnum nema að ekki næðist í þá en þá skyldi ábúandi leggja út fyrir mælingunni en gæti í staðinn haldið eftir gjaldinu af leigunni.[32]

Einhverrar óvissu virðist hafa gætt um mælingu kálgarða og hefur talsvert af fyrirspurnum varðveist um hvað beri að mæla og teikna í þeim efnum og hver skuli greiða. Árið 1916 svaraði Stjórnarráðið spurningu um hvort gera ætti uppdrætti af kálgörðum hvort sem þeir væru innan túns eða utan þannig að aðeins skyldi teikna garðana ef þeir væru innan túngirðingar.[33] Árið 1920 sendi Búnaðarsamband Austurlands svipaða fyrirspurn til Búnaðarfélags Íslands og um hvort slíkar mælingar yrðu greiddar úr ríkissjóði. Búnaðarfélagið taldi að ætlast væri til að allir matjurtagarðar og „sáð lönd“ væru mæld, og uppdrættir gerðir af þeim hvort sem tún fylgdi eða ekki.[34] Stjórnarráðið var hins vegar ekki sammála þessari túlkun og því var endanlegt svar til Búnaðarsambands Austurlands á þá leið að ekki þyrfti að teikna stakstæða kálgarða utan túna heldur væri nóg að mæla þá.[35]

---

[29] Bréf úr Stjórnarráði Íslands. Minnisblað um spurningar Vigfúsar Guðmundssonar og svör Stjórnarráðs. Dagsett 5. ágúst 1916.
[30] Bréf úr Stjórnarráði Íslands. Símskeyti til Sýslumannsins í Vík, dagsett 12. febrúar 1919. Athyglivert er að þarna virðist gert ráð fyrir mælingu á túnum í kaupstaðalandi, ólíkt því sem lögin gera ráð fyrir.
[31] Bréf Stjórnarráðs Íslands. Símskeyti til hreppsnefndar Reyðafjarðar, dagsett, 6. desember 1919. Bréf Stjórnarráðs Íslands. Símskeyti til sýslumannsins í Vík dagsett 12. febrúar 1919
[32] Bréf Búnaðarfélags Íslands til Stjórnarráðs Íslands. Um erindi sýslumanns í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, dagsett 20. desember 1917.
[33] Bréf úr Stjórnarráði Íslands. Minnisblað um spurningar Vigfúsar Guðmundssonar og svör Stjórnarráðsins. Dagsett 5. ágúst 1916.
[34] Bréf Búnaðarfélags Íslands, undirritað af S. Sigurðssyni, dagsett 17. apríl 1920.
[35] Bréf Stjórnarráðs Íslands, undirritað af P.J., dagsett 14. maí 1920.

2.4 Ráðning mælingamanna

Í reglugerð um túnamælingar er kveðið á um að sýslunefndir geri tillögur að mælingamönnum í samvinnu við búnaðarfélögin en að það sé svo Stjórnarráðsins að útnefna þá. Svo virðist sem búnaðarfélögin hafi ýmist gert tillögur að mælingamönnum eða samþykkt þá mælingamenn sem sýslunefndir lögðu til og skrifað bréf þess efnis til sýslumanns. Hann sendi svo tillöguna til Stjórnarráðs sem þurfti að samþykkja hana formlega og tilkynna um mælingamanninn.

Af bréfaskriftum að dæma virðist æði misjafnt hvernig var staðið að ráðningu mælingamanna eftir sýslum. Í reglugerðinni um túnamælingarnar er kveðið á um að sýslunefndum sé heimilt að fela búnaðarfélögum umsjón með mælingunum svo lengi sem þau hlíta reglum Stjórnarráðsins um mælingarnar. Þetta nýttu nokkrar sýslunefndir sér og fól sýslunefnd Þingeyjarsýslna Ræktunarfélagi Norðurlands að sjá um mælingar í Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu, í Suður- og Norður-Múlasýslu tók Búnaðarsamband Austurlands að sér mælingar og sýslunefndin í Norður-Ísafjarðarsýslu fól Búnaðarsambandi Vestfjarða að sjá um mælingarnar í sýslunni.[36] Búnaðarsamband Borgarfjarðarsýslu bauðst til að taka að sér mælingar í sýslunni fyrir jafnvel lægra kaup en þeir mælingamenn sem hlutu starfið og lýsir sambandið undrun sinni á því að ekki hafi verið tekið tillit til tilboðs þess í bréfaskriftum við Stjórnarráðið en ekki er ljóst hvað olli.[37]

Í mörgum sýslum landsins útnefndu sýslunefndir einn mælingamann fyrir alla sýsluna. Sú var raunin í Vestur-Ísafjarðarsýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslum, Strandasýslu, Borgafjarðarsýslu, Mýrarsýslu og Snæfells- og Hnappadalssýslu þar sem allar mælingar voru gerðar af sama mælingamanninum. Í öðrum sýslum komu fleiri að mælingunum, oft talsvert fleiri, sérstaklega þegar fram liðu stundir. Ráðningarferli mælingarmanna virðist hafa verið mjög misjafnt. Sumstaðar virðist fyrsti mælingamaðurinn sem stungið var upp á hafa verið ráðinn án mikillar skriffinnsku en í öðrum sýslum er greinilegt að nokkrir sækja um eða bjóða í verkið og valið var úr hópnum eftir hæfni og hversu lágt mælingamennirnir buðu. Flóknast virðist ferlið hafa verið í Gullbringu- og Kjósarsýslu þar sem margir sóttu um og talsverð rekistefna varð út af því hvernig ætti að meta kostnað sökum fjölda þurrabúða.

Flestir mælingamennirnir virðast hafa verið ráðnir strax árið 1916 en í einstaka sýslum (s.s. Vestur-Húnavatnssýslu og Dalasýslu) eru fyrst sendar inn tillögur að mælingamönnum árið

[36] Útdráttur úr aðalfundargerð sýslunefndar í Suður-Þingeyjarsýslu 1.-4. mars 1916, dagsett 14. mars 1916 og Bréf Stjórnarráðs Íslands til sýslunefndar í Þingeyjasýslum (minnisblað), dagsett 31. ágúst 1916. Bréf Búnaðarsambands Austurlands til sýslumanns í Suður-Múlasýslu, dagsett 20. júní 1916 og Bréf BúnaðarsambandsVestfjarða til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 4. júní 1916.
[37] Bréf Búnaðarsambands Borgarfjarðar til sýslumanns, dagsett 1. júní 1916.

1917.[38] Síðasti mælingamaðurinn sem skjalfest er að var ráðinn til túnamælinga var hins vegar Eiríkur Ingibergur Eiríksson Sverrisson í Vestur-Skaftafellssýslu sem ráðinn var árið 1928 eftir að fyrri mælingamaður í sýslunni lést.[39] Oftast luku þeir mælingamenn sem fyrst voru ráðnir einfaldlega því verki sem þeim var ætlað. Ýmsar undantekningar eru þó frá þessu og kemur ýmislegt til. Í Vestur-Húnavatnssýslu virtist hálfgerð ólukka hafa elt þá sem tóku að sér mælingarnar. Sýslunefnd útnefndi upphaflega þá Sigurð Pálmason og Valdimar Fr. Baldvinsson til að mæla upp jarðir í sýslunni.[40] Sigurður mældi sinn hluta og Valdimar hóf líka mælingar sama sumar (líklega 1917 eða 1918) en veiktist og náði ekki að klára einn hrepp. Þá var Sigurður beðinn um að taka við yfirumsjón með verkinu og réði hann í kjölfarið Ingólf Þorsteinsson, búfræðing frá Langholti, til að taka við. Ingólfur mældi upp tún þá um sumarið en fór svo til útlanda í nám. Samið var um að hann myndi teikna upp kortin þar en það dróst og að lokum baðst hann undan því vegna tímaleysis og sendi Sigurði mælingabækurnar. Árið eftir réði Sigurður Rögnvald H. Líndal frá Hnausakoti til mælinganna og mældi hann öll túnin sem eftir voru en dó svo veturinn eftir þannig að Sigurður endaði sjálfur á því að teikna upp öll kortin og þurfti suma staði að heimsækja aftur.[41]

Áður en rannsóknin á túnakortunum hófst var ekki til heildstætt yfirlit yfir þá menn sem mældu túnin. Í sumum tilfellum voru nöfn þeirra reyndar þekkt þar eð þeir höfðu merkt sér túnakortin (á ríflega helmingi korta) en önnur kort voru ýmist alveg ómerkt (tæplega þriðjungur) eða merkt upphafsstöfum mælingamanns (um 14%). Til að afla upplýsinga um mælingamennina þurfti því fyrst að leita upplýsinga um nöfn þeirra. Það tókst undantekningalaust ýmist með aðstoð mælingabóka (sem sumar geymdu þær upplýsingar sem vantaði en á öðrum stöðum mátti geta í eyður með samanburði á rithönd) eða skjalasafns túnamælinganna á Þjóðskjalasafni Íslands. Þegar upplýsingar höfðu fundist um nöfn allra mælingamannanna var reynt að grennslast fyrir um bakgrunn þeirra (fæðingar- og dánardag, bústað, menntun og starf). Mælingarmennirnir voru 40

[38] Sjá útdrátt úr sýslufundargerð Vestur-Húnavatnssýslu frá febrúar 1917 og Bréf Búnaðarfélags Íslands til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 30. apríl 1917 þar sem það samþykkir tillögu að mælingamanni í Dalasýslu frá því fyrr í sama mánuði.

[39] Bréf Atvinnu- og samgönguráðuneytis til sýslumanns í Skaftafellssýslu. Minnisblað dagsett 2. febrúar 1928. Jón Ólafsson lést á meðan hann vann enn að mælingum (þann 7. apríl 1916). Þá var Mýrdalssveit að mestu eftir þótt Jón hefði hafið mælingar í Dyrhólahreppi.Verkið var metið svo að það væri líklega hálfnað og ekkju Jóns greitt fyrir þá vinnu. Erfitt reyndist hins vegar fyrir þann mælingamann sem tók við að nýta sér mælingarnar og segir hann í bréfi að þær hafi ekki verið „nægjanlega glöggar til þess að eftir þeim yrði teiknað nema að nokkru leyti á 7 jörðum."

[40] Bréf Sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 1. maí 1917, og bréf Sigurðar Pálmasonar til Boga Brynjólfssonar sýslumanns í Vestur-Húnavatnssýslu, dagsett 16. júlí 1924.

[41] Bréf Sigurðar Pálmasonar til Boga Brynjólfssonar sýslumanns í Vestur-Húnavatnssýslu, dagsett 16. júlí 1924.

talsins.[42] Þeir áttu það sameiginlegt að vera karlmenn á besta aldri. Sá yngsti var 21 árs og hafði útskrifast úr búnaðarskóla sama ár og hann mældi (Pétur Jónsson sem mældi Skútustaðahrepp) en sá elsti var á sjötugsaldri (Sveinbjörn Ólafsson sem mældi nokkra hreppa í Árnessýslu ásamt Bjarna Eggertssyni). Við rannsóknina var víða leitað fanga og á endanum fundust upplýsingar um menntun allra mælingamannanna.

Langflestir þeirra voru búfræðingar (37 af 40 eða 92,5%). Þeir einu sem vitað er með vissu að voru ráðnir og voru ekki búfræðingar voru þeir Hannes Jónsson, síðar alþingismaður, sem var með samvinnuskólapróf (mældi í Austur-Húnavatnssýslu), Skúli Skúlason prestur frá Odda (mældi í Rangárvallasýslu) og Eiríkur Ingibergur Eiríksson Sverrisson kennari frá Vík sem tók við mælingum í Mýrdal eftir lát Jóns Ólafssonar.

Þegar nánar er rýnt í störf og ævi mælingamannanna kemur ýmislegt fróðlegt í ljós. Margir þeirrar voru kennarar að starfi, a.m.k. hluta ævinnar, unnu fyrir búnaðarfélögin, voru sýslunefndarmenn og/eða sýslubúfræðingar, hreppstjórar eða jafnvel sýslumenn og nokkrir þeirra áttu á einhverjum tímapunkti sæti á Alþingi. Þar sem fundust minningargreinar eða skrif um mælingamenn var þeim gjarnan lýst sem framfarasinnuðum fræðimönnum sem lögðu metnað sinn í að breiða út og kenna góða búskaparhætti. Að samanlögðu má sjá að til verksins hafa verið valdir forystumenn á sviði búfræðinnar, gjarnan þekktir og virtir búfræðingar sem höfðu þegar látið talsvert að sér kveða eða áttu eftir að gera það. Kennslu í mælingaraðferðum höfðu þeir hlotið í námi sínu í búfræðinni og voru flestir útskrifaðir frá Hólum og Hvanneyri en nokkrir einnig frá Ólafsdal eða Eiðum. Svo virðist sem gert hafa verið ráð fyrir að þeir hafi haft fullkomið vald á mælitækni, a.m.k. finnast engin skrif eða skjöl um að þeim hafi verið veitt upprifjun eða þjálfun í þeim efnum áður en þeir hófust handa við mælingarnar og ekki er ólíklegt að flestir þeirra hafi unnið svipaðar mælingar áður enda virðist þjálfun í uppmælingum hafa verið hluti af námi, a.m.k. í Ólafsdal og sjálfsagt á flestum búnaðarskólunum.

Mælingamennirnir mældu mjög misjafnlega mikið. Fimm mælingamenn mældu aðeins einn hrepp og flestir, eða 24 (60%) mældu fimm hreppa eða minna. Aðrir mældu á bilinu 6-9 hreppa en fjórir mælingamenn mældu tíu hreppa eða fleiri (en þeir mældu allir heilar sýslur).[43] Hrepparnir voru auðvitað misstórir og fjöldi bæja var mjög misjafn. Tíu mælingamenn mældu eitthundrað tún eða færri en flestir mældu á bilinu eitt til tvöhundruð tún (20 mælingamenn). Tíu

[42] Þó komu fleiri að túnamælingunni og mældu annað hvort tún en gengu ekki frá kortum eða mældu örfá tún með öðrum. Hér verður ekki gerð sérstök grein fyrir þeim. Einnig eru til varðveitt skjöl um mælingamenn sem voru ráðnir en virðast aldrei hafa mælt neitt.

[43] Þeir Páll Zóphaníasson sem mældi Borgarfjarðarsýslu, Þórður Ólafsson Thorlacius sem mældi Barðastrandarsýslur, Jóhann Bjarni Hjörleifsson sem mældi Snæfells- og Hnappadalssýslu og Vigfús Guðmundsson sem mældi Gullbringu- og Kjósarsýslu.

mælingamenn mældu um 200 tún eða fleiri, en langflest túnin mældi Vigfús Guðmundsson í Gullbringu- og Kjósarsýslu, eða samtals ríflega 500 tún.[44]

2.5 Kaup og kjör

Í lögum um túnamælingar kemur fram hvernig áætlað var að greiða fyrir túnamælingarnar (greinar 3 og 4).[45] Samkvæmt lögunum átti Landssjóður að greiða fast gjald, 3 kr. fyrir tún þeirra jarða sem metnar væru til dýrleika og skyldi sú greiðsla renna beint til mælingamanns. Annan kostnað átti að greiða úr hreppssjóði þegar oddviti hefði tilkynnt hreppsnefnd á hvaða jörðum hafi verið mælt það ár og hver kostnaður við það væri umfram framlag Landssjóðs. Hreppsnefndin ætti svo að deila og jafna kostnaðinum á milli jarðanna sem mælt var á, að hálfu eftir fjölda býla sem mælt var á (og metin voru til dýrleika) og að hálfu eftir hundraðatölu býlisins.[46]

Það var hins vegar í höndum hvers sýslumanns/sýslunefndarmanna að ákvarða endanlegt kaup mælingamanna. Ýmsar vísbendingar um kjör mælingamanna fengust við yfirferð yfir skjalasafni túnamælinganna en þau virðast hafa verið nokkuð misjöfn eftir sýslum og hreppum. Í Norður- og Suður-Múlasýslu tók Búnaðarsamband Austurlands að sér mælingar fyrir fast gjald á hvert tún sem var 8 krónur auk þeirrar 3 króna greiðslu sem var að vænta úr Landssjóði. Í útskrift úr gjörðabók sýslunefndar Barðastrandarsýslu kemur fram að nefndin hafi samþykkt tilnefningu Þórðar Ó. Thorlaciusar sem mælingamanns sýslunnar og hann hafi samþykkt að taka að sér starfið gegn 5 kr. kaupi á dag fyrir sjálfan sig og hesta fyrir sig. Fram kemur að hann áskilji sér rétt til aukaþóknunar ef hann þurfi að greiða fyrir aðstoð við verkið.[47] Í Gullbringu- og Kjósarsýslum varð rekistefna um ráðningu mælingamanns, sem snerist að stóru leyti um þá staðreynd að þar voru smábýli og þurrabúðir mun fleiri en víða annars staðar og var bæði óvissa um hvernig skyldi standa að mælingunum en þó sérstaklega um greiðslur fyrir slík býli. Þrír buðu í verkið fyrst þegar það var boðið út en þá virðast forsendur þess ekki hafa verið skýrar og misjafnt hvernig menn skilgreindu býli, þurrabúðir og aðra staði sem átti að mæla.[48] Í kjölfarið ákvað

[44] Þetta voru auk þeirra mælingamanna sem þegar er getið Kristján Eldjárn Kristjánsson sem mældi í Eyjafirði, Andrés Eyjólfsson sem mældi í Snæfellssýslu, Jóhannes Guðmundsson sem mældi í Dalasýslu, Guðmundur Sveinsson sem mældi í Skagafjarðarsýslu og Skúli Skúlason sem mældi í Rangárvallasýslu.
[45] Lög nr. 58/1915 um mælingar á túnum og matjurtagörðum.
[46] Þó aldrei meira en 10 kr. á býli vegna hundraðatölu og 20 kr. í allt. Þetta gjald var ábúenda skylt að greiða og mátti taka það lögtaki. Varðveittar eru heimildir um að vandræði hafi komið upp varðandi framkvæmdina nokkrum stöðum. Í Ytri-Akraneshreppi neitaði oddviti hreppsnefndar að greiða umrætt gjald og krafðist þess að sýslunefndin jafnaði kostnaði niður á býli og innheimti (gegn þóknun) og hreppssjóðurinn myndi af því loknu greiða þóknun og það sem væri „óinnkrefjanlegt“.Bréf Kristjáns Linnets sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslna til Stjórnarráðs, dagsett 9. nóvember 1917. Bréf Búnaðarfélags Íslands til Stjórnarráðs Íslands. Umsögn um erindi sýslumanns í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, dagsett 20. desember 1917. (Stjórnarráð svaraði í samræmi við ráðleggingar BÍ).
[47] Útskrift af gjörðabók Sýslunefnd Barðastrandarsýslu, ódagsett, undirritað af G. Björnssyni, Snæbirni Kristjánssyni og Guðjóni Jónssyni, Brynjólfur Björnsson, Andrés Ólafsson og Ingim. Magnússon.
[48] Bréf Vigfúsar Guðmundssonar til Magnúsar Jónssonar sýslumanns, dagsett 21. ágúst 1916. Vigfús bauð

sýslumaður að bjóða þeim að gera nýtt boð sem miðaðist við jafnaðargjald á býli sem metin væru til dýrleika. Í þetta sinn lagði Vigfús Guðmundsson einn fram tilboð en lagði síðar (12. október sama ár) fram nýtt tilboð sem miðaðist við fasta greiðslu, 9 kr. að jafnaði á öll þau býli sem metin væru til dýrleika.[49] Var tilboði hans tekið.[50] Misjafnt var hvernig samningar við mælingamenn voru gerðir og hvernig var samið um kaup. Í flestum tilfellum virðist hafa verið samið um kaupið áður en gengið var frá ráðningu mælingamannsins en nokkrar undantekningar finnast þó frá því. Í bréfaskiptum milli sýslumanns Rangárvallasýslu og Stjórnarráðs kemur fram að eftir að Stjórnarráðið tilnefndi Skúla Skúlason sem mælingamann (eftir tillögu sýslunefndar) segist sýslumaður hafa þurft að semja um kaup og kjör við Skúla og hafi niðurstaðan verið að miða fast gjald við hvert býli.[51]

Deilur urðu um ráðningu og kjör mælingamanna í Norður-Ísafjarðarsýslu. Í bókun sýslunefndar má sjá að hún hefur falið formanni Búnaðarsambands Vestfjarða að ráða mælingamenn til að mæla í norðursýslunni og þar kemur fram að honum sé heimilt að borga þeim allt að 5 krónur á dag.[52] Í bréfi frá sýslumanni Norður-Ísafjarðarsýslu kemur fram að þeir þrír mælingamenn sem þar hafa verið tilnefndir gefi ekki kost á sér til mælinganna nema að þeir fá ýmist 10 eða 12 kr. fyrir hvert mælt tún sökum þess hversu langar bæjarleiðir séu í norðurhluta sýslunnar.[53] Svo virðist sem tveir af þremur tilgreindum mælingamönnum, þeir Sigurður og Magnús Kristjánssynir, hafi endað á því að mæla tún í sýslunni þótt aðeins liggi tilbúin túnakort eftir Magnús, sem mældi og fullgerði túnakort í þremur hreppum á næstu árum. Árið 1922 ritar nýr sýslumaður, Oddur Gíslason til Stjórnarráðsins og segir fimm hreppa enn ómælda í sýslunni. Þeirra á meðan telur hann upp Eyrarhrepp og Hólshrepp sem Sigurður hafði þegar mælt að mestu (en ekki skilað vegna ágreinings um greiðslur) en segist hafa góðan mælingamann (Magnús Kristjánsson) sem sé tilbúinn að taka að sér verkið fyrir 15 kr. greiðslu á tún í þremur af hreppunum og 20 kr. í tveimur þeirra en hann áskilji sér aukagreiðslu þurfi hann að gera meira en tvo uppdrætti af hverju túni.[54] Er hækkunin umtalsverð frá því að Magnús bauðst fyrst til að taka að sér mælingar 1916 en þar gæti spilað inn í bæði sú staðreynd að hann hafði nú meiri reynslu af mælingum og gerði sér betur grein fyrir kostnaði og sömuleiðis hafði verðlag allt hækkað á þessu tímabili. Sýslumaður virðist hafa fengið vilyrði fyrir því að ráða Magnús og mældi hann tún í

8 kr. fyrir hvert býli sem metið væri til dýrleika, 4 kr fyrir hvert smábýli sem ekki er metið til dýrleika en gera verður uppdrætti af í tvíriti og 50 aura fyrir þurrabúð hverja með kálgörðum.

[49] Bréf Vigfúsar Guðmundssonar til Magnúsar Jónssonar sýslumanns, dagsett 12. október 1916.

[50] Bréf sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 4. nóvember 1916.

[51] Bréf Björgvins Vigfússonar, sýslumanns í Rangárvallasýslu til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 7. júlí 1916.

[52] Eftirrit úr gjörðabók sýslunefndar í Norður-Ísafjarðarsýslu, 28.-30. maí 1916.

[53] Bréf Búnaðarsambands Vestfjarða til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 4. júní 1916.

[54] Bréf sýslumanns Ísafjarðarsýslu, Odds Gíslasonar, til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 11. maí 1922. 16/5/1922.

hreppunum þremur sumarið 1922. En vandræðagangi vegna túnamælinga í sýslunni var ekki lokið. Í bréfi frá sýslumanni um greiðslur til Magnúsar kemur fram að hann mældi 73 býli en að auki 27 þurrabúðir og segist sýslumaðurinn hafa heitið honum greiðslu fyrir þurrabúðirnar enda hafi hann ekki samþykkt að taka að sér verkið með öðrum skilmálum. Sýslumaður biður um aðstoð ríkissjóðs við að greiða þetta og bendir á að Magnús hafi rukkað hóflega annars staðar og því sé þetta, þegar allt er á litið ekki mikill aukakostnaður fyrir gagnlegar mælingar og ekki hafi verið annar kostur en að semja við Magnús því ekki hafi verið öðrum hæfum mælingamanni að skipta. Í svarbréfi Stjórnarráðsins kemur fram að það taki aðeins þátt í mælingum á býlum sem metin séu til dýrleika og við það sat og Magnús virðist ekki hafa fengið að fullu greitt fyrir mælingar á þurrabúðum í Súðavíkurhreppi.[55]

Deilur um mælingar og greiðslur í Ísafjarðarsýslu voru ekki einskorðaðar við Magnús. Sigurður Kristjánsson mældi 17 býli og 15 þurrabúðir í Eyrarhreppi og 6 býli og 1 þurrabúð í Hólshreppi en skilaði ekki mælingum eða teiknaði kort þar sem ekki samdist um greiðslu Upphaflega, sjálfsagt fyrir 1920, var Sigurður fenginn til að mæla jarðir í Hóls-, Eyrar- og Súðavíkurhreppi. Samkvæmt bréfi frá Sigurði hófst hann þegar handa við mælingarnar og mældi flest tún í Hólshreppi og nokkur í Eyrarhreppi. Þegar hann var að hefja úrvinnslu á vinnu sumarsins skrifaði hann sýslumanni til að semja um kaup fyrir vinnuna en fékk þau svör að sýslumaður hefði ekki umboð til að gera samning, þar sem Búnaðarsamband Vestfjarða hefði umsjón með verkinu. Sigurður fór því til sambandsins en þar sögðust menn ekkert hafa með fjármál verkefnisins að gera og bentu Sigurði á að tala við Stjórnarráðið sem hann gerði. Stjórnarráðið tilkynnti hins vegar Sigurði að Búnaðarsamband Íslands og sýslumennirnir ættu að hafa þetta mál á sinni hendi. Sigurður fundaði því með Búnaðarsambandi Íslands en þar tjáði formaður Búnaðarsambandsins að hann „réði ekki yfir þessu máli frekar en stjörnum himinsins hinum fjarstu“ og endaði Sigurður því á því að tala aftur við Magnús Torfason, þáverandi sýslumann og urðu þeir ásáttir um það að hann léti af frekari vinnu við verkið þar til hann eða annar umboðsmaður Stjórnarráðs semdi við hann um borgun. Eftir það heyrði Sigurður ekki meira um málið í mörg ár.[56] Árið 1925 ritaði nýr sýslumaður, Oddur Gíslason, bréf til Sigurðar þar sem hann telur upp nokkur ómæld tún í Hólshreppi og spurt hvort Sigurður hefði áhuga á að taka að sér verkið. Í svari Sigurðar rekur hann málið og segir að mikið af þeim túnum sem hann hafði þegar mælt hefðu verið mæld upp aftur og teiknuð (af Magnúsi Kristjánssyni). Sigurður segist samt tilbúinn að taka að sér kortagerðina af þeim túnum sem um ræðir fyrir 30 kr. á tún en á meðal þeirra sé stærsta og margskiptasta tún sýslunnar. Hann tekur fram að ef þeir nái

[55] Bréf Odds Gíslasonar sýslumann Ísafjarðarsýslu til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 30. desember 1922.
Bréf Magnúsar Kristjánssonar til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 25. mars 1925.
[56] Bréf Sigurðar Kristjánssonar til Odds Gíslasona sýslumanns. Dagsett 17. maí 1925.

samkomulagi um þetta muni hann fella niður allar kröfur vegna fyrri mælinga.[57] Sýslumaður taldi sér greinilega ómögulegt að ganga að þessu og ritaði í kjölfarið bréf til Stjórnarráðsins þar sem hann segir frá því að hann telji einfaldlega að sleppa þurfi því að teikna tún á þeim jörðum sem vantar þar sem hann komist ekki að samkomulagi við mælingamenn og segist hann hafa stuðning sýslunefndar hvað þetta varðar.[58] Þetta virðist hafa verið niðurstaðan þar sem þeim túnum sem eftir var að mæla og/eða ganga frá var aldrei skilað inn.

Misjafnt virðist hvort kaup mælingamanna hafi verið dagkaup eða kaup fyrir hvert teiknað tún. Oftast virðist þó hið síðarnefnda hafa verið raunin. Algengast virðist að allur kostnaður hafi átt að vera fólginn í kaupinu þótt dæmi séu um að menn hafi samið sérstaklega um annan kostnað. Sumir sömdu sérstaklega um ferðakostnað, hest eða annað tengt mælingunum en aðrir hafa aðeins fengist um slíkt eftir á. Kristján Eldjárn Kristjánsson sem m.a. mældi tún í Grímsey og Hvanneyrarhreppi skrifaði Stjórnarráðinu eftir að mælingum lauk og spurði hvort það geti ekki greitt ferðakostnað vegna túnamælinga í þessum hreppum þar sem ferðalögin hafi verið erfið og dýr. Hann taldi það ósanngjarnt að sá kostnaður lenti alfarið á ábúendum og eðlilegra að hið opinbera greiddi. Svo virðist sem Stjórnarráðið hafi ekki talið sig geta orðið við þeirri beiðni frekar en ýmsum öðrum um aukaframlög vegna mælinganna.[59]

Sem fyrr segir var sú krafa gerð að allir mælingamennirnir yrðu sér úti um, greiddu fyrir og skiluðu mælingabókum. Ekki er vitað hvernig þetta mæltist fyrir, sér í lagi vegna þess að ekki var send út tilskipun um þetta fyrr en eftir að mælingar voru hafnar, síðsumars 1916. Bréfaskriftir hafa varðveist um að a.m.k. einn mælingamaður hafi gert athugasemd við þetta og gert tilraun til að fá greitt fyrir bækurnar. Í erindi sínu til Stjórnarráðsins í janúar 1920 fer Jóhannes Guðmundsson, mælingamaður í Dalasýslu fram á að Stjórnarráðið greiði sér 100 kr. fyrir innsendar mælingabækur eða um 50 aura á bók/hvert mælt tún. Jóhannes færir þau rök fyrir máli sínu að krafan um að bókunum væri skilað inn hafi komið eftir að verkið var hafið og auk þess bendir hann á að hann hafi tekið sama gjald fyrir mælingarnar í upphafi og síðasta árið (1919) þrátt fyrir vaxandi dýrtíð og segir hann því að líta megi á umrædda greiðslu sem „dýrtíðaruppbót“ sem aðrir opinberir starfsmenn hafi fengið.[60]

[57] Bréf Sigurðar Kristjánssonar til Odds Gíslasonar sýslumanns, dagsett 17. maí 1925.
[58] Bréf Odds Gíslasonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 13. júní 1925.
[59] Bréf Kristjáns E. Kristjánssonar til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 2. janúar 1921.
[60] Bréf Jóhannesar Guðmundssonar til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 2. janúar 1920.

3. Vettvangsvinna

Ekki er vitað hvernig ábúendur tóku mælingamönnum og engin gögn hafa varðveist á Þjóðskjalasafni sem varpa ljósi á samskipti mælingamanna og bænda. Í upphafi var gert ráð fyrir að mælingamenn hefðu aðstoðarmann með sér en síðar var fallið frá því og sagt að þess í stað gætu þeir leitað aðstoðar á bæjum og greitt þóknun fyrir það ef þyrfti. Engar heimildir fundust um hvort slíkar þóknanir voru greiddar og þá hversu háar. Í bréfaskriftum kemur fram að leitast var við að nota unglinga til þessara verka. Ekki er ólíklegt að bændur hafi haft nokkuð misjafnar skoðanir á mælingunni, sér í lagi þar sem greiðslur fyrir verkið lentu að talsverðu leyti á þeim. Nokkrar vísbendingar fundust í bréfasafni um að bændur hefðu ekki alltaf tekið vel í mælingu túnanna. Eigandi Arnarholts í Stafholtstungnahreppi vildi ekki láta mæla hjá sér og sagðist ætla að gera það sjálfur og því voru öll tún í hreppnum nema Arnarholt send inn og svipaða sögu virðist hafa verið að segja með jarðareiganda Höskuldsstaða í Laxárdal sem fékk leyfi mælingamanns til að mæla sitt tún sjálfur en gerði það svo ekki þannig að mælingamaður þurfti að gera sér sérstaka ferð til að mæla það.[61] Í fyrirspurn frá Búnaðarsambandi Austurlands frá 1917 er leitað álits á því hvort landeigandi geti neitað því að mælt sé sérstaklega fyrir hvert býli á jörð hans en Búnaðarfélagið sem fengið var til umsagnar um fyrirspurnina segir í svari sínu að það geti hann ekki en minnir á að aðeins verði krafist greiðslu frá honum fyrir þau býli sem metin séu til dýrleika.[62] Þrátt fyrir einstaka dæmi um að ábúendur/landeigendur hafi ekki tekið vel í mælingarnar bendir flest til að mælingamönnunum hafi víðast verið vel tekið og er t.d. ekki að finna neinar vísbendingar um að þeir hafi átt í vandræðum með að fá aðstoðarmenn á bæjunum.

Eins og gefur að skilja virðast mælingamennirnir ekki hafa farið á stúfana að vetrarlagi en þeir hafa nýtt sér sumar, vor og haust í verkið. Á sjálfum túnakortunum má sjá að sumir mælingamenn nýttu sér vetrarmánuðina til að teikna upp þau tún sem mæld höfðu verið sumarið áður.

3.1 Mælingaaðferðir og mælingabækur

Við rannsókn á túnakortum var farið yfir allar mælingabækur sem fundust á Þjóðskjalasafni Íslands, frumgögn, sem og túnakortin sjálf, m.a. til að greina hvaða mælingaraðferðir mælingamenn notuðu við túnakortagerðina Mælingabækurnar eru mikilvægar til að meta þær mælingaaðferðir sem notaðar voru og áreiðanleika túnakortanna og skýra að hluta þann breytileika sem er að finna á sjálfum túnakortunum. Yfirferð yfir mælingabækur Þjóðskjalasafns

[61] Bréf Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 26. ágúst 1917 og bréf frá Jóhannesi Guðmundssyni mælingamanni til Þorsteins Þorsteinssonar sýslumanns í Dalasýslu, dagsett 5. desember 1920.

[62] Bréf Búnaðarsambands Austurlands til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 16. júní 1917 og Bréf Búnaðarfélags Íslands til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 16. nóvember 1917.

leiddi í ljós að talsverðan fjölda mælingabóka vantaði í safnið eða fyrir um tæplega 2/3 af þeim hreppum sem mældir voru (fyrir tæplega 130 hreppa) þótt einhverjar mælingabækur hefðu fundist frá meira en helmingi mælingamanna (23 af 40).[63] Þegar farið var í gegnum skjalasafn Þjóðskjalasafns varðandi túnamælingarnar fundust víða bréf frá sýslumönnum og mælingamönnum sem af mátti ráða að mælingabækur fyrir talsverðan hluta af þeim hreppunum sem vantaði hefðu verið sendar inn á sínum tíma. Staðfesting á því fannst í meira en þriðjungi tilfella þar sem mælingabækur vantaði. Aðeins voru örfá tilfelli þar sem bréfaskriftir staðfestu að mælingabækur hefðu ekki verið sendar inn. Jóhannes Hjörleifsson sem mældi í Snæfells- og Hnappadalssýslu sendi ekki inn mælingabækur nema að hluta. Hann skýrir þetta í bréfi til Stjórnarráðsins og segir eftirfarandi:

> „...er það af því að ég spurðist fyrir hjá Landbúnaðarfélaginu um það, hvort þyrfti að senda allan mælingabækur með ummálsuppdráttum – því það er mjög mikið verk að umskrifa þær allar, því að enginn sendir þær eins og þær eru skrifaðar út á víðavangi í misjöfnum veðrum o.framvegis. Fékk ég það svar, að ég þyrfti eigi að senda með þessum ummálsuppdráttum neinar mælingabækur, fremur en verða vildi, þar að þær hefðu í upphafi verið heimfærðar til þess, að sjá hvort allir þeir er mælingarnar höfðu meðhöndum voru færir til þess. En úr því hefðu þær bækur, sem komnar voru skorið“[64]

Í Vestur-Húnavatnssýslu þar sem Sigurður Pálmason sem hafði umsjón með mælingunum en nokkrir komu að mælingum, sendi hann bara sínar bækur en ekki annarra af því hann taldi að þær kæmu ekki að gagni. Þetta virðast hins vegar undantekningar og allt bendir til að flestar af þeim mælingabókum sem ekki finnast hafi verið sendar inn.

Til að ganga úr skugga um hvort þær mælingabækur sem vantaði í safnið leyndust á öðrum stofnunum eða söfnum skrifaði höfundur öllum héraðsskjalasöfnum landsins á svæðum sem enn vantaði bækur frá og sömuleiðis Landsbókasafni, Landmælingum Íslands, Árnastofnun, Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneyti, Bændasamtökum Íslands[65] og Hagstofu Íslands án þess að bækurnar kæmu í ljós. Síðasta vísbendingin sem fékkst í leitinni síðla hausts 2016 var sú að árið 1922 hefði Hagstofan afhent Þjóðskjalasafni fjóra pakka af mælingabókum og gætu það vel

[63] Af þeim 204 hreppum sem til eru túnakort úr eru varðveittar mælingabækur fyrir 75 hreppa og þar af aðeins fyrir hluta hreppsins í a.m.k. fjórum þeirra.
[64] Bréf Jóhannesar Hjörleifssonar með innsendum túnakortum, dagsett 30. júní 1920.
[65] Rétt er að geta þess að skjalasafn Bændasamtaka Íslands er ekki skráð en samtökin veittu höfundi góðfúslegt leyfi til að leita í geymslum og skjalasöfnum án þess að nokkur skjöl um túnakortagerðina kæmu í ljós.

verið þær bækur sem vantar í safnið. Þessir pakkar hafa enn ekki fundist á Þjóðskjalasafni og hafa líklega ekki verið tölvuskráðir, en koma vonandi í leitirnar á næstu árum.[66]

Þegar Búnaðarfélagið gerði tilraunamælingar á túnum fyrir Stjórnarráðið árið 1914 voru fjórir mælingarmenn sendir út af örkinni. Í varðveittum skjölum má sjá að mælingaaðferðirnar sem voru notaðar voru misjafnar og notuðu sumir keðjumælingar en aðrir borðmælingar.[67] Keðjumæling felst í því að lögð er út ein grunnlína eða fleiri (ensk. *baseline*) og út frá henni er svo mældar fjarlægðir hornrétt, s.s. að túnjaðri, mannvirkjum eða öðru því sem mæla þarf. Við slíkar mælingar var stundum notaður hornspegill, til að auðveldara væri að miða út rétt horn.[68] Mælingarnar voru skráðar í mælingabók en sjálf teikning af túninu gerð síðar. Við borðmælingu (ensk. *plain table*) er notað mælingaborð sem er með miðpunkt og mælistiku með stjörnusigti (ensk. *alidade*). Borðið er sett upp í fullkomlega lárétta stöðu og blað fest á það. Frá því er svo miðuð átt og fjarlægð (með málbandi) að því sem teikna á og kortið teiknað í kvarða á staðnum. Misjafnt er hvort mælingaborðið er sett upp á einum stað og fjarlægðir mældar allt í kring eða hvort það var sett upp á tveimur eða fleiri stöðum. Stundum er sett upp grunnlína og mælingaborðið er sett upp á báðum endum hennar en stundum á nokkrum völdum stöðum þar sem yfirsýn er góð.[69]

Þegar ákveðið var að mæla tún um allt landið var tekin sú ákvörðun að mælt skyldi með keðjumælingu eins og kemur fram í reglugerðinni um túnamælingar. Ástæðan virðist helst hafa verið sú að hún var talin einfaldari og þægilegri fyrir þá sem ekki höfðu mjög mikla mælingareynslu.

Undantekningar voru þó gerðar frá reglunni um keðjumælingu. Í bréfi Búnaðarsambands Austurlands kemur fram að stjórn sambandsins hafi þegar ritað Stjórnarráðinu vorið 1916 og beðið um leyfi til að nota borðmælingar í stað keðjumælinga og þá fengið þá svör „að um borðmælingar irði ekki ákveðið fir en mælingamenn væru útnefndir og sjeð verði hverja þekkingu þeir hafa á mælingum“. Búnaðarsambandið segist um vorið hafa ákveðið að fela Benedikt Blöndal ráðunaut mælingar og þar sem hann sé „með hæfustu og vandvirkustu mælingamönnum landsins“ hafi þeir óhikað látið hann viðhafa borðmælingar þá um sumarið (1916). Þeir segja hins vegar ljóst að leyfið hafi verið skilyrt og því skrifa þeir aftur til Stjórnarráðs vorið 1917 til að fá formlegt leyfi fyrir áframhaldandi borðmælingum Benedikts þar sem þær þyki hentugri. Þeir fara

[66] Tölvupóstur frá Magnúsi S. Magnússyni á skrifstofu yfirstjórnar Hagstofunnar 31. október 2016 og tölvupóstur frá Jóni Torfasyni Þjóðskjalasafni Íslands 10. nóvember 2016.
[67] Benedikt Blöndal mældi með borðmælingum, Jón Jónatansson og Sigurður Kristjánsson notuðu keðjumælingar en ekki er vitað hvaða aðferð Valtýr Stefánsson notaði.
[68] Góða lýsingu á mælingaaðferðinni er að finna í *A Practical Guide to Recording Archaeological sites* 2011, bls. 39 og áfram.
[69] *A Practical Guide to Recording Archaeological sites* 2011, bls. 51-60.

einnig fram á borðmælingaleyfi fyrir aðra mælingamenn sem þeir kunna að þurfa að ráða til mælinganna og segja að Stjórnarráðið megi treysta því að þeir myndu fara varlega í slíkt og aðeins ráða mjög hæfa menn.[70] Í svari Stjórnarráðsins kemur fram að leyfi sé gefið fyrir áframhaldandi mælingum Benedikts en fyrir utan þá undantekningu sé Búnaðarsambandi Austurlands skylt að halda sig við mælingar samkvæmt reglugerð.[71] Árið 1918 skrifar Búnaðarsambands Austurlands ráðuneytinu aftur og leitar eftir leyfi fyrir Metúsalem Stefánsson búnaðarskólastjóra á Eiðum til að halda áfram borðmælingum á svæðinu. Í bréfinu segir að ekki þurfi að taka það fram að hann standi Benedikt alveg á sporði hvað varðar mæligetu. Sambandið segir brýnt að fá leyfið enda hafi aðeins reynst mögulegt að fá eitt sett af keðjumælingaráhöldum. Þeir biðja einnig um að fá að nota borðmælingaáhöld Eiðaskóla.[72] Stjórnarráðið veitti leyfið sama vor en athygli vekur að ekki virðist hafi orðið af því að Metúsalem mældi tún, a.m.k. finnast engin merki um kort eftir hann í kortasafninu.[73]

Kristinn Guðlaugsson búfræðingur var titlaður „mælingamaður V-Ísafjarðarsýslu“ í bréfaskriftum en virðist þó aðeins hafa mælt einn hrepp (Mýrahrepp árið 1917). Hann sótti einnig fast að fá að nota borðmælingar í stað keðjumælinga. Í bréfi til Stjórnarráðsins segir hann orðrétt:

> samkvæmt reglugjörðinni um mælingarnar (6.gr.) virðist ætlast til að notuð sé þverlínuaðferðin („prpendikuls methode“). Ég vildi því ennfremur spyrjast fyrir um það, hvort ekki muni fást leyfi til að notuð sé aðferð sú er Bj. Gunnlaugss. yfirr. nefnir „framskurð“ (s.b. einföld landmæling) en nú mun - að ég held – venjulega kölluð borðmæling. [...] Ég held að með þessari aðferð vinnist verkið mikið fljótar, og verði líka betur af hendi leyst, með sæmilegum verkfærum, einkum þegar um hallandi tún er að ræða, sem af sjálfu sér mælast þá lárétt. En þegar keðja eða mæliband er notað við allar línur, verður altaf að mæla hallann af, svo hann dragist frá lengdinni. Það er seinlegt verk og mælingamaðurinn verður jafnan að hafa aðstoðarmann. Væri borðmælingin notuð, mætti skila frumkortinu af borðinu, í staðinn fyrir mælingabók.[74]

Stjórnarráðið leitaði álits Búnaðarfélags Íslands á fyrirspurninni. Búnaðarfélagið svaraði Stjórnarráðinu á þann veg að þeir telji að „fyrirspyrjandinn sjálfur sé svo leikinn mælingamaður að óhætt muni að treysta honum til ábyggilegrar mælingar með mæliborði“ en segir að meiri óvissa sé um hina mælingamennina í sýslunni enda sé ekki skýrt á bréfinu hvort sé verið að biðja um leyfi fyrir þá líka. Búnaðarfélagið telur þó að ef Kristinn Guðlaugsson gefi yfirlýsingu um að þeir kunni vel til borðmælinga og hafi góða æfingu í þeim þá ætti að vera óhætt að leyfa þeim

[70] Bréf Búnaðarsamband Austurlands til Stjórnarráðs Íslands 3. mars 1917.
[71] Bréf Stjórnarráðs Íslands til Búnaðarsambands Austurlands 11. maí 1917.
[72] Bréf Búnaðarsambands Austurlands til Stjórnarráðs Íslands 28. febrúar 1918.
[73] Bréf Stjórnarráðs Íslands til Búnaðarsambands Austurlands 15. apríl 1918.
[74] Bréf Kristins Guðlaugssonar til Stjórnarráðs, dagsett 28. jan 1917.

einnig að nota þá aðferð. Þeir taka þó fram að þessi mælingaraðferð verði einungis leyfð ef mæliáhöldin séu góð og ítreka að verði þessi aðferð notuð telji þeir rétt að gera mælingamönnunum skylt að skila frumkortum af borðinu í staðinn fyrir mælingabækur en í því sé fólgin nokkur trygging fyrir gæðum mælinga.[75] Í skjali frá Stjórnarráðinu er handskrifað að svara skuli Kristni í samræmi við þetta álit en svarið sem hann fékk var þó nokkuð frábrugðið og má í raun túlka sem neitun á bóninni en í því segir: „Endaþótt fyrirspyrjandinn sjé talinn svo leikinn mælingamaður, að óhætt muni vera að treysta honum til ábyggilegrar mælingar með mæliborði, telur Stjr. þó eptir atvikum rjettast að halda fast við ákvæði reglugjörðarinnar um keðjumælingar.“[76]

Því miður hafa hvorki fundist mælingabækur, frumkort né önnur frumgögn frá Kristni Guðlaugssyni eða Benedikt Blöndal svo að ekki er hægt að nota þau til að skera úr um hvort þeir notuðu borðmælingaaðferð við kortagerð sína.[77] Öll frumgögn mælinga sem varðveitt eru á Þjóðskjalasafni bera því vitni um keðjumælingar. Auk mælingabóka má álykta um mælingar í talsverðum fjölda hreppa m.a. út frá vísbendingum á sjálfum túnakortunum en merki grunnlína er að finna á um helmingi túnakortanna. Stundum voru línurnar blekaðar inn en víða má einungis greina óljós merki eftir útstrokaðar línur.[78] Í miklum meirihluta hreppa, eða a.m.k. í 76% þeirra var örugglega mælt með keðjumælingu. Í öðrum hreppum fundust ekki greinilegar vísbendingar um mælingaaðferð, þ.e. hvorki höfðu varðveist frumgögn né heldur var nokkra vísbendingar að finna á sjálfum túnakortunum eða í bréfasafni. Líklegast verður að teljast að flestir þessara hreppa hafi verið mældir með keðjumælingu.

Mælingabækurnar voru, eins og áður kom fram, eign mælingamanna og um þær giltu ekki aðrar reglur en að þær þyrftu að vera „varanlegar“. Bækurnar eru mjög misjafnar að gerð og sömuleiðis þær upplýsingar sem í þær voru ritaðar. Algengt var að bækurnar væru línustrikaðar og í stærðinni A5. Þær voru flestar í mjúkri kápu og gjarnan enskar, þýskar eða hollenskar að uppruna. Þegar unnið er með pappír í alls kyns veðrum á vettvangi vilja blöðin fljótt verða krumpuð og ósnyrtileg með þornuðum regndropum, kaffiblettum og jafnvel krömdum flugum hér og þar. Það er því eftirtektarvert að margar af mælingabókunum eru mjög snyrtilegar, líkt og að þær hafi varla komið út fyrir hússins dyr. Ekki er ólíklegt að sumar þessara bóka hafi verið

[75] Bréf Búnaðarfélags Íslands til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 17. febrúar 1917.
[76] Bréf Stjórnarráðs Íslands til Kristins Guðlaugssonar, dagsett 22. febrúar 1917. Enda þótt þessar bréfaskriftir hafi átt sér stað í upphafi árs 1917 virðist Kristinn ekki hafa mælt tún fyrr en 1921 samkvæmt dagsetningu á túnakorti.
[77] Engar heimildir eru fyrir því að leyfi hafi verið veitt fyrir aðra mælingamenn til að nota borðmælingar.
[78] Í sumum tilfellum má einnig álykta um mælingar í hreppum þar sem mælingamenn skiluðu inn bókum fyrir aðra hreppa sem þeir mældu og útlit túnakortanna var að öllu leyti sambærilegt enda má gera ráð fyrir að sami mælingamaður hafi mælt öll sín tún með sömu aðferð.



Sýnidæmi mælingabóka. Ljósmyndir: Höfundur.

færðar eftirá, og séu því í raun ekki vettvangsgögn. Þessa tilgátu styrkir bréf Jóhannesar Hjörleifssonar mælingarmanns en hann baðst undan því að skila mælingabókum þar sem hann sagði það mjög mikið verk að „umskrifa þær allar, því að enginn sendi þær eins og þær eru skrifaðar út á víðavangi í misjöfnum veðrum o.framvegis.“[79]


Ýmsar upplýsingar um mælingaaðferðir og nákvæmni má fá með því að skoða mælingabækurnar og önnur frumgögn.[80] Um helmingur mælingabókanna var merktur með nafni mælingamanns og í svipuðum fjölda tilfella var bókin einnig ársett. Mælingarnar voru vanalega settar fram þannig að nafn bæjarins þar sem tún voru mæld var fremst, þá voru ritaðar mælingarnar sjálfar (sem gjarnan náðu yfir a.m.k. tvær síður og oft mun fleiri) og að lokum útreikningur á stærðum túna og matjurtagarða. Mælingamenn settu út eina grunnlínu eða fleiri og mældu svo út frá þeim jaðar túns, kálgarða, bæjarstæði og oftast einnig útihús og vegi. Sumir þeirra mældu ýmislegt annað svo sem tóftir, brunna, órækt og móa, ár og læki o.s.frv. Fjöldi og nákvæmni mælinga var nokkuð misjafn eftir mælingamönnum. Það var t.d. misjafnt hvort menn lögðu bara út eina grunnlínu eða margar (dæmi eru um allt að sjö grunnlínur) og hversu langar grunnlínurnar voru að jafnaði. Algengt var að grunnlínur væru 160-300 m langar en í sumum tilfellum var grunnlína allt að 600 m löng. Í um fjórðungi mælingabókanna var algengast að sjá eina grunnlínu þótt oftast hafi verið einhverjar undantekningar frá því í hverri bók. Í sumum tilfellum er ljóst að ástæða þess að mælingamaðurinn notaði bara eina línu er að túnin sem hann mældi voru lítil. Í öðrum tilfellum virðist mælingamaðurinn bara halda sig við staka línu sem fasta mælitækni óháð stærð túnanna. Algengast var hins vegar að mælingamenn notuðu 3-5 grunnlínur eftir stærð og lagi túna. Í nokkrum hreppum virðast hafa verið notaðar enn fleiri grunnlínur, flest eru dæmin um slíkt úr Norður-Múlasýslu (fjórum hreppum) þar sem mælingamaður notaði sjaldnast færri en 4 línur. Þar sem aðeins voru notaðar 1 eða 2 grunnlínur var algengara að grunnlína væri mjög löng. Mjög misjafnt er hversu miklar upplýsingar er að finna um grunnlínurnar í mælingabókum. Flestir mælingamenn merktu þær þó með númerum og gerðu grein fyrir áttum. Sumir mældu t.d. alltaf úr vestri en algengast var að menn létu staðhætti ráða stefnu grunnlína.

Mjög misjafnt er hvernig mælingamenn færðu inn upplýsingar um mælingar á vettvangi. Oftast settu þeir þó upplýsingar um grunnlínu lóðrétt eftir miðri blaðsíðu, skráðu svo mælingar til beggja átta út frá henni og rissuðu þá gjarnan inn gróflega það sem mælt var, án þess að það væri í kvarða. Um flestar mælingabækurnar gildir að ekki fæst góð mynd af túnunum sem mæld voru

[79] Bréf Jóhannesar Hjörleifssonar til sýslumanns í Snæfells- og Hnappadalssýslu með innsendum túnakortum 30. júní 1920.
[80] Sem fyrr segir eru slík gögn aðeins tiltæk í um þriðjungi tilfella og byggir því umfjöllun um þessi frumgögn á þeim.

með því einu að horfa á rissið þar. Á þessu eru hins vegar undantekningar. Sumir mælingamenn unnu greinilega mælivinnuna á þennan hátt en drógu að auki upp grófa mynd af túninu og rissuðu inn legu mælilínu. Mjög misjafnt virðist hafa verið hvernig mælilínur voru lagðar út. Stundum eru þær samsíða og mælt út frá þeim en algengara er að þær hafi verið látnar mynda þríhyrninga yfir túnflötinn. Nokkrir mælingamenn strengdu þær einnig í ferhyrninga og þá stundum aukalínur þvert yfir ferhyrningana.

Annað sem getur gefið vísbendingar um áreiðanleika mælinga er hversu margar mælingar mælingamaður gerði frá grunnlínum. Færri grunnlínur gefa að jafnaði tilefni til að ætla meiri skekkju á mælingum. Þeir mælingamenn sem lögðu oftast út bara eina grunnlínu gerðu þó sumir mjög margar mælingar á jaðri og mannvirkjum. Slík er t.d. raunin með mælingar Páls Jónssonar í




Dæmi um mælingabók úr Hólahreppi í Skagafirði. Hér dregur mælingamaður fyrst upp grófa teikningu af túni og mælilínum en á eftir fylgja nokkrar blaðsíður af mælingum fyrir mælilínurnar sjálfar. Algengara var þó að ekki fylgdi yfirlitsteikning í mælingabókunum. Ljósmyndir: höfundur.

Austur- og Vestur-Landeyjahreppi og Fljótshlíðarhreppi þar sem aðeins virðist vera að finna eina eiginlega grunnlínu en gríðarlegur fjöldi mælinga er gerður út frá henni og út frá línum sem gerðar hafa verið hornrétt frá henni (þótt þær séu ekki nefndar eiginlegar grunnlínur) og virðist Páll hafa mælt hverja einustu hlið húsa, mannvirkja og mælir einnig inn landslag og tilbrigði í gróðurfari.

Misræmi er milli mælingamanna um hvað þeir mældu og hverju þeir slepptu. Allir mælingamennirnir mældu túnjaðar og teiknuðu upp túnin, þeir mældu einnig allir bæjarstæði. Kálgarðar voru undantekningarlítið mældir og langflestir mældu að úthúsum. Það var hinsvegar


misjafnt hversu mikla vinnu þeir lögðu í mælingar og teikningar á útihúsum. Sumir mældu bara fjarlægð frá grunnlínu að einu horni og áætluðu svo stærð útihússins en aðrir mældu að tveimur hornum og stundum einnig hliðar húsanna. Það skal haft í huga að túnamælingin var ekki hugsuð til að gefa nákvæma mynd af útihúsakosti landsins heldur voru húsin fyrst og fremst teiknuð til að hægt væri að reikna stærð þeirra og draga flatarmálið frá heildarstærð ræktaðra túna og fá þannig nákvæmari mynd af stærð túnsins. Þrátt fyrir að ákveðið hafi verið að teikna útihúsin og sýna staðsetningu þeirra var ekki lögð áhersla á að lag þeirra eða áttahorf væri skráð nákvæmlega. Í um þriðjungi tilfella eru engar mælingar á útihúsunum sjálfum heldur einungis ein mæling að þeim og þau þá jafnan staðsett á kortinu án þess að lögun eða stærð sé sýnd. Í slíkum tilfellum voru útihúsin oftast teiknuð með hring eða einfaldlega svörtum punkti á endanlegan túnauppdrátt. Þrátt fyrir þetta hafa mælingamenn þurft að geta dregið flatarmál þeirra frá túnstærðinni.



Mæliblað Páls Jónssonar fyrir Bergþórshvol. Mælingarnar eru óvenjulegar og skera sig frá mælingum annarra mælingamanna. Þar er ætíð ein grunnlína en geysilegur fjöldi mælinga frá henni. Ljósmynd: höfundur.

Stundum virðast þeir einfaldlega áætla stærð húsanna, en í einstaka tilfelli rissa þeir upp lögun þeirra og stærð í mælingabókina þrátt fyrir að ekki sjáist að þeir hafi mælt húsin og að á lokakortunum séu þau öll sýnd eins. Verst er ástandið í Norður-Múlasýslu. Þar mældu þrír mælingamenn 11 hreppa og hafa mælingabækur frá þeim öllum (úr samtals átta hreppum) varðveist. Af þeim má sjá að engin útihús voru mæld í sýslunni og kemur það einnig fram á

túnakortum frá svæðinu. Því eru engar tiltækar upplýsingar um fjölda, stærð og staðsetningu útihúsa. Þetta er sem áður segir undantekning og er ekki ljóst hvað veldur. Mælingarnar virðast síður en svo hroðvirknislegri en annars staðar og sumir af mælingamönnunum leggja talsvert upp úr að skrá upplýsingar um landslag og gróðurfar. Kálgarðar eru í öllum tilfellum mældir inn og víða eru þrjár mælingar á bæði kálgörðum og bæjarhúsum. Túnakortin úr Norður-Múlasýslu eru einnig öll vatnslituð og snyrtilega gerð. Svo virðist sem sú ákvörðun hafi einfaldlega verið tekin einhvers staðar (líklega af Búnaðarsambandi Austurlands) að mæla ekki inn hús önnur en bæjarhús.



Uppmæling og endanlegt túnakort af Vorsabæ í Gaulverjabæjarhreppi á endanlegt túnakort vantar útihúsin sem þó voru mæld og sjást á frumriti. Ljósmynd af mælingablaði: höfundur, Túnakort: Þjóðskjalasafn Íslands

Stundum eru skráðar upplýsingar í mælingabækur sem hafa ekki skilað sér á túnakortin. Í Vorsabæ í Gaulverjabæjarhreppi vantar t.d. öll útihús inn á endanlegt túnakort en þau hafa greinilega verið mæld á vettvangi og frekara misræmi virðist víðar í hreppnum milli þess sem mælt var og fært inn á túnakortin. Í þeim hreppum sem Bjarni Eggertsson og Sveinbjörn Ólafsson mældu í Árnessýslu (Sandvíkurhreppi, Gaulverjabæjarhreppi, Stokkseyrarhreppi, Ölfushreppi, Selvogshreppi og Eyrarbakkahreppi) virðast þeir undantekningalítið hafa skrifað niður upplýsingar um hlutverk þeirra útihúsa sem þeir mældu inn en þær upplýsingar koma sjaldnast fram á sjálfum túnakortunum.[81] Í öðrum hreppum eru slíkar upplýsingar stundum færðar inn í mælingabækur en ekki á túnakort en víðast er það þó langt frá því að vera eins kerfisbundið og í hreppunum sex í Árnessýslu.

[81] Mælingabækur fyrir Eyrarbakkahrepp og Selvogshrepp eru ekki í safninu þannig að ekki er hægt að fullyrða að sami háttur hafi verið hafður á þar, þótt það virðist líklegt.

Auk upplýsinga um tegundir húsa sem stundum leynast í mælingabókum en ekki á túnakortum er þar að finna ýmsar aðrar fróðlegar upplýsingar sem misjafnt er hversu vel skila sér á túnakortin. Upplýsingar er víða að finna um hvernig túnin voru afmörkuð, þ.e. hvort þau voru girt með torfgarði, vírgirðingum eða mögulega hvoru tveggja en misjafnt er hvernig slíkar upplýsingar hafa skilað sér inn á túnakortin. Aðrar upplýsingar sem misjafnt er hversu mikið var lagt í að skrá er varðandi gróðurfar og landslag. Sumir mælingamenn leggja mikið upp úr því að setja inn merkingar fyrir órækt, mela eða mýrar sem leynast í eða fast utan túna eða teikna skilmerkilega inn ár og læki, sjávarbakka og annað sem markar eða eru afgerandi þættir í landslagi túnanna.[82] Aðrir sýna aldrei neinar slíkar merkingar. Á sumum mælingabókunum má sjá að mælingamenn hafa verið duglegir að merkja slíkt inn þar sem svo bar undir en færa þessar merkingar sjaldnast yfir á túnakortin. Aðrir geta þess ávallt ef slíkt hefur verið skráð á vettvangi. Í stöku tilfelli skráðu mælingamennirnir hjá sér örnefni og annað slíkt en það er þó svo sjaldgæft að það verður að teljast til undantekninga.

Allgóð samsvörun er milli mælingabóka og viðeigandi túnakorta (eins og eðlilegt hlýtur að teljast) þótt ekki sé óalgengt að finna í mælingabókunum ítarlegri upplýsingar en þær sem enduðu á túnakortunum og á stöku stað vanti beinlínis hús eða garða á kortin sem upplýsingar eru um í bókunum. Stundum eru ítarlegri upplýsingar um örnefni eða útihús á túnakortum í þeim sveitum sem mælingamaður var upprunninn í eða bjó í. Oftast skiluðu slíkar upplýsingar sér fremur illa á sjálf túnakortin. Ljóst er að mælingabækurnar geta verið fróðleg heimild, ekki einungis um mælingarnar og framkvæmd þeirra, heldur eru þær einnig sjálfstæð heimild þar sem í þeim leynast upplýsingar sem ekki fóru inn á túnakortin. Í einstaka bókum eru dýrmætar upplýsingar sem ekki er að finna annars staðar. Dæmi um þetta eru mælingabækur Jóns Ólafssonar úr Vestur-Skaftafellssýslu (sér í lagi úr Skaftártungu- og Álftaversshreppi) en Jón mældi í kringum Kötlugosið 1918 og hefur sum staðar skráð upplýsingar um breytingar og skemmdir á túnum sökum gossins. Fæst af því hefur hins vegar ratað inn á endanleg túnakort.[83] Mælingabækur hans eru því heimild um eyðileggingu og áhrif Kötlugossins 1918.

[82] Slíkt hjálpar gríðarlega við notkun túnakortanna þar sem það auðveldar mikið að staðsetja kortin. Dæmi um mælingamann sem gerir góða grein fyrir umhverfinu er t.d. Vigfús Guðmundsson.

[83] Um þetta hafa varðveist talsverðar bréfaskriftir, mestmegnis þar sem úr varð að Jón færi aftur í Álftaversshrepp þar sem hann var búinn að mæla og kannaði skemmdir á túnum. Bréf sýslumanns í Skaftafellssýslum til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 7. janúar 1919, bréf Stjórnarráðs Íslands til Búnaðarfélags Íslands um álit á bréfinu, dagsett 17. janúar 1919, Bréf Búnaðarfélags Íslands til Stjórnarráðs Íslands (undirritað af Eggerti Briem), dagsett 1. febrúar 1919 og bréf Stjórnarráðs Íslands til sýslumanns Skaftafellssýslna, dagsett 6. febrúar 1919. Reikningur Jóns Ólafssonar til Ríkissjóðs Íslands, dagesttur júlí 1920, Db. 6, nr. 797.


4. Skil á kortum og eftirlit með gæðum

Mælingar á túnum hófust sumarið 1916 og fyrstu kortunum var skilað 1917. Þrátt fyrir að reglugerð um túnamælingar væri að mörgu leyti skýr hvað varðar mælingatækni, hvað skyldi mælt og útlit korta þá eru túnakortin talsvert misjöfn og kemur þar ýmislegt til. Inni það spilar án efa áhugasvið, metnaður og þekking mælingamanna sem og skilgreining þeirra á því hvað væri mikilvægt að skrá. Umgjörð kortanna var þó svipuð; flest voru gerð á þann pappír sem kveðið var á um og voru þau undantekningalaust blekuð, enda neitaði Stjórnarráðið að taka við óblekuðum kortum sem gerð var tilraun til að skila inn úr Hrunamannahreppi.[84] Langflest voru kortin líka í mælikvarðanum 1:2000 eins og reglugerð um túnamælingar kvað á um en Stjórnarráðið veitti Búnaðarsambandi Austurlands leyfi til að víkja frá þessum kvarða í mælingum sínum og mæla í 1:1500 eða 1:1000 ef það hentaði betur.[85] Greinilegt er að þar hafa menn talið svo vera því talsvert af kortum úr Suður- og Norður-Múlasýslu eru í öðrum kvörðum en 1:2000. Þar sem mælikvarði er sýndur á kortum úr öðrum landshlutum er hann ætíð 1:2000 með aðeins tveimur greinilegum undantekningum. Sigurður Þorsteinsson kennari sem mældi stakan hrepp (Hofshrepp) í Austur-Skaftafellssýslu gerði það í mælikvarðanum 1:1000 og svo virðist sem Þórður Ólafsson Thorlacius, sem mældi öll tún í Barðastrandarsýslum hafi gert það líka.[86] Að auki má geta þess að í bréfi um skil á uppdráttum í Neshreppi í Norðfirði kemur fram að uppdrættirnir sem fóru til geymslu í Stjórnarráðinu voru í mælikvarðanum 1:2000 en ábúendauppdrættir í 1:1000, en ekki er vitað um önnur dæmi um slíkt.[87] Aðrir uppdrættir virðast hafa verið í 1:2000 þó að reyndar vanti mælikvarða á næstum því fjórðung kortanna.

Fyrstu uppdrættirnir sem sendir voru inn voru flestir frá Vesturlandi (úr Borgarfjarðar-, Mýra-, Snæfells- og Hnappadalssýslum) en fljótlega bættust við uppdrættir frá öðrum landshlutum. Flestir uppdráttanna voru sendir inn á árunum 1917-1920 þótt þeir síðustu hafi ekki skilað sér fyrr en 1930 (úr Dyrhólahreppi og Hvammshreppi gerðir á árunum 1928-1929). Túnakortum úr flestum hreppum eða 72 var skilað árið 1920 en kortum úr á milli 20 og 30 hreppum var einnig skilað árin 1917, 1919 og 1921. Árið 1921 hafði uppdráttum verið skilað úr 172 hreppum eða um 84% af hreppum landsins en þá tók að hægja talsvert á skilum og var á

[84] Bréf Búnaðarfélags Íslands til Stjórnarráðs Íslands (undirritað af S. Sigmundssyni), dagsett 25. nóvember 1922. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.
[85] Sjá bréf Búnaðarfélags Íslands til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 11. desember 1918 og bréf Stjórnarráðs Íslands, dagsett 17. desember 1918 þar sem framkemur að símskeyti með jákvæðu svari hafi verið sent Búnaðarsambandi Austurlands.
[86] Þórður hefur a.m.k. teiknað hluta túna í þessum skala. Hann setur ekki kvarða á nema lítinn hluta uppdrátta sinna en þá vanalega 1:1000. Ekki er þó hægt að útiloka að hann hafi aðeins sett skala á þau kort sem véku frá meginreglunni um skalann 1:2000 nema með ítarlegri úttekt.
[87] Bréf Búnaðarsambands Austurlands til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, dagsett 9. október 1918.

bilinu 3-4 hreppum að meðaltali skilað inn á ári eftir það fram til 1930. Uppdráttunum var skilað



Graf sem sýnir í hversu mörgum hreppum mælingu túna var lokið hvert ár annars vegar og hins vegar í hversu mörgum hreppum mælingu túna taldist „að hluta" lokið eftir árum.

til sýslumanns sem sá svo um að senda þá í Stjórnarráðið sem kom þeim áfram til Hagstofu Íslands þegar búið var að taka á móti uppdráttunum, telja túnin og yfirfara gæði. Í Stjórnarráðinu var það Atvinnumálaskrifstofan (síðar Atvinnumálaráðuneytið) sem hafði málið á sinni könnu en greinilegt er að Búnaðarfélag Íslands bar einnig mikla ábyrgð og virðist félagið í raun hafa tekið afstöðu til nærri allra fyrirspurna og deilumála sem upp komu í sambandi við mælingarnar. Dæmi eru um að Búnaðarfélagið hafi verið beðið um að yfirfara uppdrætti á ákveðnum svæðum og kanna hvort þeir væru fullnægjandi en slíkt virðist hafa verið undantekning. Búnaðarfélagið fór t.d. greinilega yfir fyrstu hreppana sem Skúli Skúlason mældi í Rangárvallasýslu en ekki er ljóst hvaðan beiðni um það kom. Niðurstaða þeirra var að uppdrættirnir væru vel úr garði gerðir og fullnægjandi.[88] Beiðni um að kanna gæði uppdrátta Jóhannesar B. Hjörleifssonar sem mældi tún í Snæfells- og Hnappadalssýslu kom hins vegar frá sýslumanni, Páli Vídalín Bjarnasyni. Páll sendi uppdrætti sýslunnar í tveimur bréfum og vekur máls á þessu í þeim báðum. Í fyrra bréfinu segir hann að óánægju hafi gætt um uppdrættina og menn hafi gert sér hærri vonir um frágang inn. Hann biður Stjórnarráðið að kanna hvort þeir séu í samræmi við lög. Í seinna bréfi sínu (sem fylgdi mælingum úr fjórum síðustu hreppum sýslunnar) segir Páll ennfremur: „Nokkurrar

[88] Bréf Einars Helgassonar til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 23. júli 1917, Db. 5, 665, 25/7 17.

óánægju hefur orðið vart yfir mælingunum, og telja menn lítið unnið við ólíka ummálsdrætti og fjé því er til þess gengur nær því á glæ kastað, þótt í staðinn fáist vitneskja um stærð túna í hreppnum".[89] Kort Jóhannesar og mælingar virðast sannarlega ónákvæmari og á margan hátt lakari en kort víða annars staðar (sjá nánar kafla um útlit og nákvæmni túnakortanna sjálfra) en Búnaðarfélagið sem fór yfir kortin að beiðni Stjórnarráðsins úrskurðaði að það gerði ekki „verulegar" athugasemdir við kort Jóhannesar en benti þó á að allar heimreiðir og vegi vantaði inn á þau. Engu að síður lagði félagið til að túnakortin yrðu samþykkt og greitt yrði fyrir þau.[90] Stjórnarráðið leitaði einnig álits Búnaðarfélagsins á túnakortum Valdimars Bjarnasonar úr Hrunamannahreppi. Búnaðarfélagið ráðlagði að ekki yrði tekið við túnakortunum að óbreyttu enda væru þau teiknuð með blýanti og á ósamþykktan pappír.[91] Í bréfi Búnaðarfélagsins kemur fram að líklega séu mælingarnar ekki lakari en víða annars staðar en frágangurinn á uppdráttunum sé svo ófullkominn að ekki sé hægt að taka hann gildan og segja þeir túnakortin líkust því að um frumdrætti mælingabóka væri að ræða. Þeir vísa í reglugerðina um túnamælingarnar og ráðleggja Stjórnarráðinu eindregið að taka ekki við túnakortunum nema þau verði endurgerð á „fullgildum teiknipappír dregnum með teiknibleki". Stjórnarráðið fylgdi þessum ráðleggingum og skrifaði sýslumanni þar að lútandi.

Greinilegt er að athugasemdir voru stundum gerðar við einstök kort en ekki er ljóst hvort þær hafa upphaflega komið frá ábúendum sjálfum eða annars staðar frá. Af bréfaskriftum má ráða að tvö af þeim kortum sem teiknuð voru í Mjóafjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu voru talin röng og ný kort voru send í þeirra stað til Stjórnarráðs árið 1922.[92] Svipað var e.t.v. upp á teningnum í Auðkúluhreppi í Ísafjarðarsýslu. Þar neituðu hreppstjóri og sýslumaður að greiða Jóni Þórarinssyni mælingamanni nema hann gerði nokkra uppdrætti aftur. Verklok töfðust talsvert út af þessu (fram til 1921) en málið endaði þannig að Jón teiknaði sex tún aftur.[93]

[89] Bréf Páls Vídalíns Bjarnasonar sýslumanns Snæfellssýslu til Stjórnarráðs Íslands 2. maí 1917 og bréf Páls Vídalíns Bjarnasonar sýslumanns Snæfellssýslu til Stjórnarráðs Íslands 31. ágúst 1920

[90] Bréf Búnaðarfélags Íslands til Stjórnarráðs Íslands um gæði uppdrátta frá Snæfellsnessýslu 20. júlí 1917.

[91] Bréf Búnaðarfélags Íslands til Stjórnarráðs Íslands (undirritað að S. Sigmundssyni) 25. nóvember 1922.

[92] Bréf Búnaðarsambands Austurlands, dagsett 24. nóvember 1922, til ríkisstjórnarinnar. Db. 6, nr. 797, 9/1/23.

[93] Bréf Bæjarfógetans á Ísafirði til Jóns Þórarinssonar (undirritað af Magnúsi Torfasyni) 21. apríl 1920. Bréf Jóns Þórarinssonar til Stjórnarráðs Íslands 7. október 1920. Bréf Jóns Þórarinssonar til sýslumanns Ísafjarðarsýslu 20. nóvember 1921.

Sýsla	Hreppur	Fjöldi túnakorta	Jarðir[94]
Borgarfjarðarsýsla	Skilmannahreppur	1	Klafastaðir
Borgarfjarðarsýsla	Ytri-Akraneshreppur	23	Efstibær, Miðengi, Landakot, Kothús, Geirmundarstaðir, Akurgerði, Vegamót, Kárabær, Lykkja, Georgshús, Aðalból, Kirkjuvellir, Brunnastaðir, Hofteigur, Nýlenda, Hóll, Árnabær, Mörk, Baldurshagi, Grund, Hoffmannshús, túni Þ. Briem og auk þess vantar kálgarða.
Borgarfjarðarsýsla	Andakílshreppur	1	Hvítárbakki (átti mögulega að vera Hvítárvellir)
Mýrasýsla	Stafholtstunguhreppur	1	Arnarholt
Dalasýsla	Klofningshreppur	1	Hnúkur
Ísafjarðarsýsla	Þingeyrarhreppur	1	Þingeyri
Ísafjarðarsýsla	Mýrarhreppur	5	Miðhlíð, Bessastaðir, Ytri-Hús, Gil, Fremstu-Hús
Ísafjarðarsýsla	Eyrarhreppur	10	Ytri-Hús, Fremri-Hús, Naust, Höfði, Úlfsá, Góustaðir, Kirkjubær, Árbakki, Fagri-Hvammur og tún í Hnífsdal
Þingeyjarsýsla	Sauðaneshreppur	2	Jaðar, Staðarsel
Norður-Múlasýsla	Loðmundarfjarðarhreppur	1	Hjálmaströnd
Rangárvallasýsla	Rangárvallahreppur	1	Keldur
Árnessýsla	Gaulverjabæjarhreppur	27	Eystri-Loftstaður I og 2, Tunga, Vestri-Hellur, Eystri-Hellur, Haugur, Vattakot, Gaulverjabæ, Brandshús, Dalbæ, Gerðar, Arnarhól, Syðri-Gegnishóla, Hólshús, Gegnishólapart, Efri-Gegnishóla, Klængssel, Vestara-Meðalholt, Austara-Meðalholt, Meðalholtshjáleiga, Norðurkot, Rútsstaði, Brennu, Suðurkot, Seljatungu, Austurkot, Sviðugarða, Galtarstaði
Árnessýsla	Stokkseyrarhreppur	3	Skálavík, Helgastaði og Grímsfjós
Árnessýsla	Eyrarbakkahreppur	13	Garður, Nýibær, Ós, Garðstaðir, Tjörn, Einarshús, Sunnuhvoll, Einarshöfn, Norðurkot, Hagar, Stíghús, Staður, Hvoll (líklega aðeins kálgarðsmælingu)
Árnessýsla	Sandvíkurhreppur	3	Hagar, Tryggvaskálar, Björk
Árnessýsla	Hrunamannahreppur	2	Hlíð, Unnarholt
Árnessýsla	Ölfushreppur	6	Kolviðarhóll, Bakkaholtspartur, Borgarkot, Hvoll I og II, Holt (en þar vantaði aðeins kálgarð)
Árnessýsla	Selvogshreppur	3	Stóra-Gata, Litla-Gata, Guðnabær
Ísafjarðarsýsla	Hólshreppur	12	Ós, Gil, Hænhóll, Miðdalur, Geirastaðir, Grundarhóll, Árbær, Ytri-Búðir, Tröð, Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð, Þjóðólfstunga

Taflan byggir á samantekt um þá hreppa og jarðir sem átti eftir að skila inn túnakortum fyrir, árið 1924 (samkvæmt samantekt) en er uppfærð miðað við þær upplýsingar sem birtust um sama mál í Búnaðarskýrslu frá 1929 og endurspegla því skilastöðu um 1930.

[94] Aðeins er upptalning á hreppum í Búnaðarskýrslu frá 1929 en talning á jörðum byggir á samantekt frá 1924 enda virðist sem ekki hafi verið skilað neinu úr þeim hreppum sem þá vantaði inn í.

Samkvæmt skilgreiningu túnamælingalaga átti öllum túnamælingum að vera lokið árið 1920 en það markmið náðist ekki. Árið 1924 virðist hafa verið gert átak í því að ljúka túnamælingum. Þá fór Stjórnarráðið yfir hvaða bæi og hreppa væri búið að mæla og skila inn og hvað væri eftir.[95] Niðurstaðan var að einhverjar mælingar væru ókomnar úr um 30% hreppa (61 hreppi af 205). Í kjölfarið var sýslumönnum þeirra sýslna þar sem mælingum var ekki lokið (sem var í 12 sýslum) send áminning um að ljúka þyrfti mælingum sem fyrst. Yfirlit um það sem enn vantaði árið 1929 er að finna í Búnaðarskýrslu ársins 1929. Samkvæmt skýrslunni voru mælingar alveg eftir í fimm hreppum en að hluta til í 19 hreppum.[96] Af hreppunum fimm var eitt svæði sem aldrei stóð til að skrá (Vestmannaeyjar þar sem kortagerð var nýlokið þegar túnakortverkefnið hófst, og þrír hreppar sem hafði ýmist verið skilað eða var skilað í kjölfarið (Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Vestur-Landeyjahreppur). Eftir stendur því bara einn hreppur sem aldrei var skilað í heild sinni en það var Villingaholtshreppur í Árnessýslu.[97]

Samtals taldist túnamælingu ekki að fullu lokið í 19 hreppum. Mjög misjafnt var þó hversu mikið var eftir og er líklegt að í einhverjum tilfellum hafi ráðuneytið einfaldlega ekki fundið uppdrætti sem þegar höfðu verið sendir inn eða gerir kröfu á mælingar á túnum sem skilja má af reglugerð að þurfi ekki að mæla. Samtals vantaði túnakort fyrir um 116 tún í umræddum hreppum. Víða voru það örfá smábýli sem vantaði, og líklega hefur þeim verið sleppt vísvitandi, en stundum virðist vanta talsverðan fjölda smábýla (t.d. á Eyrarbakka og í Ytri-Akraneshreppi). Í sumum hreppum vantaði aðeins stakar jarðir. Af lauslegri yfirferð um túnakortasafnið má ráða að fæstir af þeim stöku uppdráttum sem raunverulega vantaði (sumir virðast hafa þegar verið komnir inn) hafi skilað sér. Erfitt er að segja um hvers vegna stakar jarðir vantar inn í túnakortasöfn hreppa en ekki er ólíklegt að einstaka landeigendur hafi verið tregir til að leyfa mælingar, viljað gera það sjálfir, ekki getað lánað aðstoðarmenn til verksins, o.s.frv. en svo er ekki ólíklegt að veður og óvæntir atburðir hafi getað komið í veg fyrir að mælingarmenn lykju verkinu á stöku stað.[98] Ásamt því að senda áminningu um þær jarðir sem voru ómældar virðast

[95]Um þetta hefur varðveist yfirlitsblað yfir túnakort sem eftir á að skila inn, dagsett 10. maí 1925, Db. 6, 797 og Bréf Stjórnarráðs Íslands (minnisblað) um bréf sem skyldi senda öllum sýslumönnum þeirra sýslna þar sem uppdrættir voru ókomnir úr, dagsett 19. maí 1924.

[96] Í yfirlitsskjali er reyndar sagt að óskráðir séu 6 hreppar og skráningu vanti að hluta í 17 hreppa en samkvæmt talningu í töflunni þar sem yfirlitið er gefið eru það 5 hreppar sem vantar og 19 sem vantar að hluta og er skýringin að hluta sú að Hólshreppur í Ísafjarðarsýslu er í yfirlitstölu talinn til hreppa sem alveg vantar en honum hafði verið skilað að hluta og er þannig upptalin í töflu. Búnaðarskýrsla fyrir 1929, bls. 8-9 og 12-18.

[97] Auk þess voru reyndar talin upp sem óskráð svæði þéttbýli s.s. Reykjavík, Hafnarfjörður, Borgarnes, Ísafjörður, Siglufjörður, Akureyri, Seyðisfjörður og Neskaupstaður en samkvæmt túnamælingalögum stóð aldrei til að mæla þessa staði.

[98] Sjá yfirlitsblað yfir túnakort sem á eftir að skila inn, dagsett 10. maí 1925 og minnisblað Stjórnarráðs Íslands um bréf sem skyldi senda öllum sýslumönnum þeirra sýslna þar sem uppdrættir voru ókomnir úr, dagsett 19. maí 1924.

starfsmenn ráðuneytisins hafa farið yfir hvort mælt hefði verið í samræmi við lög. Þannig senda þeir athugasemdir um að allar kálgarðsmælingar vanti í Skeiða- og Ytri-Akraneshreppi og að hluta af kálgarðsmælingum vanti í a.m.k. sex hreppum til viðbótar. Ekki virðist hafa verið gerð sama krafa um teikningar útihúsa og ekki hafa fundist neinar kvartanir um að teikningar af útihúsum vanti á túnakortin í Norður-Múlasýslu eða að vegir og heimreiðar hafi víða ekki verið teiknaðar.

5. Túnakortasafnið

Túnakortasafnið er geysistórt en samkvæmt talningu höfundar voru gerð túnakort fyrir 5947 tún í 204 hreppum.[99] Markmiðið var að kortagerðin væri mjög samræmd, að allir notuðu sömu mælingatæknina, mældu sömu atriði, notuðu samskonar pappír og teikniblek. Til verksins voru aðallega ráðnir búfræðingar sem hlotið höfðu áþekka menntun og kennslu í mælingaraðferðum og þeim var ætlað að nota samræmdar mælingaaðferðir. Allt var þetta gert til að gæta samræmis og gera kortin sem áreiðanlegust og sambærilegust. Þrátt fyrir þetta urðu túnakortin mjög fjölbreytileg að gerð, þótt helstu upplýsingar sem komi fram á þeim séu áþekkar.

5.1 Útlit og einkenni kortanna


Ákveðnar grunnupplýsingar koma fram á flestum kortunum, t.d. heiti jarðar og í hvaða hreppi hún var.[100] Eins kemur stærð túna fram, hversu mikill hluti túnanna var sléttaður og hversu stórir kálgarðar voru á jörðinni. Að auki var algengt að mælingamenn merktu sér kortin með fullu nafni (56%) eða settu a.m.k. upphafsstafi sína á kortin (13%). Um 60% túnakortanna er einnig merkt ártali. Sum túnakort voru stimpluð með nafni mælingamanns, merki þess búnaðarfélags sem hafði umsjón með mælingunum eða mælikvarða. Kortin voru undantekningalítið gerð á pappír sem var nálægt A3 að stærð eins og kveðið var á um í reglugerðinni um túnamælingarnar, flest gerð á þykkan pappír sem Stjórnarráðið hafði milligöngu um að senda til mælingamanna en þó skera flestir hreppar í Eyjafjarðarsýslu og nokkrir hreppar í Þingeyjarsýslum sig úr þar sem þeir hafa greinilega samið við Prentsmiðju Odds Björnssonar á Akureyri um að sérprenta blöð fyrir sig.



Dæmi um nokkra af stimplum sem notaðir voru til að merkja túnakortin. Ljósmyndir: Þjóðskjalasafn Íslands.

[99] Túnakort voru gerð fyrir flesta bæi í flestum hreppum landsins en hægt er að deila um hvernig best er að telja uppdrættina þótt líkar tölur komi oftast út.
[100] Eina undantekningin frá þessu eru túnakort úr Neshreppi í Norðfirði í Suður-Múlasýslu en þar vantar bæjarheiti á túnakortin.

Umrædd kort eru því gerð á forprentuð blöð þar sem lykilbox voru stöðluð ásamt helstu upplýsingum og línulegum skala en mælingarmenn fylltu út aðrar upplýsingar og teiknuðu sjálft kortið. Þessi kort eiga það sameiginlegt að engar textaupplýsingar voru settar inn á sjálfa túnmælinguna og í raun lítið um aukaupplýsingar á þeim.




Túnakort fyrir Arnarnes í Arnarneshreppi í Eyjafirði sem Kristján Eldjárn Kristjánsson gerði. Ljósmynd: Þjóðskjalasafn Íslands.

Á flestum kortunum er uppgefið í hvaða mælikvarða þau eru teiknuð (eða í tæplega 75% tilfella). Stór hluti þeirra korta sem mælikvarða vantar á eru frá Vesturlandi. Mælikvarða vantar til að mynda á öll kort úr Barðastranda-, Borgarfjarðar- og Snæfells- og Hnappadalssýslu. Auk korta frá Vesturlandi vantar mælikvarða á öll kort úr Vestur-Skaftafellssýslu og Vestur-Húnavatnssýslu, á þrjá hreppa í Rangárvallasýslu og á einn í Skagafjarðar- og Árnessýslu. Í flestum tilfellum virðist afar líklegt að kortin hafi verið í mælikvarðanum 1:2000 eins og mælt var fyrir um í reglugerðinni um túnamælingar. Í um fjórðungi tilfella er sýndur línulegur mælikvarði á kortunum. Slík kort koma undantekningalítið frá Norðurlandi, úr Eyjafjarðar-, Þingeyja- og Skagafjarðarsýslum. Að auki eru kort úr Strandasýslu með línulegan mælikvarða og sömuleiðis kort úr Hofshreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

Eitt af því sem getur valdið vandræðum við notkun kortanna í fornleifaskráningu er að áttatilvísun vantar á mörg þeirra. Í um 60% tilfella kemur ekki fram á kortinu hvernig túnið snýr við áttum. Sumir mælingamenn snéru kortum sínum kerfisbundið í tiltekna átt, eða létu kortin ávallt snúa á sama hátt gagnvart landslagi (t.d. upp í fjallshlíð dala eða út með firði), en stundum er ekki að sjá neitt augljósa reglu um hvernig kort á ákveðnum svæðum snúa. Þar sem áttatilvísun

er á kortum er hún oftast í samræmi við málvenjur og legu landsins frekar en að hánorður sé merkt samkvæmt áttavita.

Í ríflega helmingi hreppa (um 54%) settu mælingamenn einhvers konar lykil/skýringar inn á túnakort sín til að skýra merkingu þeirra. Slíkur lykill var ýmist settur beint á sjálf túnakortin eða fylgdi með hreppnum í heild á sérstöku lykilblaði. Í um fjórðungi tilfella er að finna skýringar á túnakortinu þótt ekki sé á því eiginlegur kortalykill. Slíkar skýringar voru oftast á formi texta. Á önnur túnakort (um fjórðung safnsins) vantaði skýringar en í flestum tilfellum var þó einhvers konar aðgreining gerð á milli bæja, útihúsa og kálgarða, ýmist með því að hafa mannvirki með




Dæmi um kortalykil. Þessi lykill fylgdi með kortum í Vatnsleysustrandarhreppi sem Vigfús Guðmundsson gerði. Ljósmynd: Þjóðskjalasafn Íslands

mismunandi formi (ferhyrninga, hringi, þríhyrninga) eða með mismunandi línum eða skyggingum. Undantekning frá þessu er að finna í Barðastrandarsýslu (11 hreppar) þar sem kálgarðar, útihús og bæir virðast öll teiknuð á sama hátt (kassi) og ekki er hægt að gera sér grein fyrir hlutverki hvers og eins nema með ágiskunum varðandi staðsetningu, lögun eða stærð. Í 10 hreppum í Árnessýslu eru bæjarstæði og kálgarðar við þau aðgreind frá öðrum mannvirkjum (ýmis skástrikað eða merkt með texta) en ekki greint á milli annarra húsa og kálgarða. Í Skeiðahreppi í Rangárvallasýslu virðast kálgarðar ekki hafa verið teiknaðir nema að þeir væru hluti af bæjarhúsaþyrpingunni og bæjarhlaði[101] og mögulega er sömu sögu að segja um þrjá hreppa í

[101] Reyndar er kvartað yfir þessu í bréfi frá 1924 þar sem farið er yfir skil á túnakortum en samkvæmt því bréfi vantaði einmitt alla kálgarða í Skeiðahreppi. Bréf Stjórnarráðs Íslands, minnisblað um bréf sem skyldi

Norður-Þingeyjarsýslu þar sem bæjarhús eru merkt með ferningi en önnur mannvirki með hring en ekki er útilokað að kálgarðar geti leynst þar á meðal. Í þremur hreppum í Austur-Húnavatnssýslu er greint á milli kálgarða og húsa (með mismunandi skyggingu) en ekki gerður greinarmunur á bæjar- og útihúsum. Í Suður-Múlasýslu eru bæjar- og útihús teiknuð á sama hátt og í Norður-Múlasýslu voru, eins og áður hefur komið fram, útihús ekki mæld og því eru þau ekki teiknuð á túnakortin.




Borgarhöfn í Borgarhafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu. Halldór Eyjólfsson teiknaði. Á kortinu eru grunnlínur og aðrar mælilínur teiknaðar með handstriki og því auðvelt að átta sig á hvernig túnið var mælt. Ljósmynd: Þjóðskjalasafn Íslands

Mjög misjafnt er hvort mælingamenn sýndu grunnlínur/mælilínur á túnakortunum eða ekki. Greinilegt er að margir þeirra hafa upphaflega dregið inn grunnlínur en síðan strokað þær út eftir að kortið var blekað eða litað. Aðrir hafa hins vegar undirstrikað grunnlínurnar með því að bleka þær og jafnvel merkja með númerum. Þar sem mælilínur sjást er auðveldara að sjá hvernig túnið var mælt og þannig gera sér grein fyrir áreiðanleika mælinga þar sem sést hversu margar grunnlínur voru lagðar út og hvernig. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem mælingabækur hafa ekki fundist.

senda öllum sýslumönnum þeirra sýslan þar sem uppdrættir væru ókomnir úr, dagsett 19. mars 1924.

Þegar túnakortin eru skoðuð vekur það fyrst athygli að ríflega fimmtungur þeirra eru lituð kort (úr 45 hreppum) þrátt fyrir að engin fyrirmæli um slíkt hafi komið fram í reglugerðinni um túnamælingar eða í tilmælum frá Stjórnarráðinu. Bréfaskriftir benda til þess að ekki hafi verið greitt sérstaklega fyrir þessa natni við frágang kortanna en í svari við fyrirspurn Búnaðarfélags Austurlands um hvort það sé talið ákjósanlegt að kortin séu lituð, ef ekki verði rukkað sérstaklega fyrir það, kemur fram Búnaðarfélag Íslands taldi svo vera.[102] Þeim kortum sem hafa einhvern lit má skipta í tvennt. Annars vegar eru máluð kort, þ.e. kort sem hafa verið vatnslituð eftirá og hins vegar eru það kort þar sem notað var litað blek til að marka útihús, kálgarða eða aðra flokka af mannvirkjum eða gróðurfar/náttúru. Stærstur hluti litaðra túnakorta kemur úr Norður- og Suður-Múlasýslu þar sem túnakort fyrir alla 26 hreppana eru vatnslituð. Kortin úr sýslunum tveimur eru áþekk milli hreppa og greinilegt að Búnaðarsamband Austurlands hefur haft yfirumsjón með litun þeirra.




Eydalir í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu. Þorsteinn Stefánsson mældi. Kortið er gott dæmi um vandaðan frágang og mælingar. Ljósmynd: Þjóðskjalasafn Íslands

Þau lituðu kort sem hafa mesta athygli hlotið eru kort úr Vestur- og Austur-Landeyjahreppi og Fljótshlíðarhreppi í Rangárvallasýslu sem Páll Jónsson frá Ægisíðu gekk frá (og mældi, sum með Skúla Skúlasyni). Kortin eiga það sammerkt að vera sérstaklega fallega lituð og mikil smáatriði sýnd í teikningu mannvirkja, túna og umhverfis. Páll var búfræðingur eins og flestir mælingamennirnir en lagði einnig fyrir sig listmálun. Önnur lituð kort koma t.d. úr Eyjafirði þar sem Kristján Eldjárn Kristjánsson litaði túnakortin í þeim sex hreppum sem hann mældi. Davíð

[102] Bréf Búnaðarfélags Íslands til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 7. nóvember 1917.

Árnason sem mældi þrjá hreppa í Norður-Þingeyjarsýslu litaði hús og garða á sínum kortum ásamt lækjum og ám og Kristján Jónsson sem mældi átta hreppa í Suður-Þingeyjarsýslu litaði einnig hús og helstu mannvirki í þremur þeirra og hófst handa við það í þeim fjórða (Fjallahreppi) en virðist hafa gefið þá iðju upp á bátinn í miðjum hreppi. Þorsteinn Sigurðsson sem mældi fimm hreppa í Árnessýslu notaði lit eingöngu til að aðgreina kálgarða, Halldór Jónsson sem mældi í Strandasýslu notaði rauðan penna til að teikna upp og einkenna tóftir og súrheysgryfjur og Sigurður Þorsteinsson mælingamaður í Hofshreppi í Austur-Skaftafellssýslu notaði mislita penna til að merkja mismunandi mannvirki á kortin.




Kort Páls Jónssonar af Hlíðarenda í Fljótshlíð. Kortið er gott dæmi um þann metnað sem Páll lagði í gerð og frágang korta sinna.
Ljósmynd: Þjóðskjalasafn Íslands.


Þegar kortin eru skoðuð sést að breytileiki þeirra nær ekki eingöngu til ytra útlits heldur er talsvert mismunandi hvort og hvernig grunnupplýsingar eru sýndar og hvaða viðbótarupplýsingar hafa ratað inn á kortin. Mjög misjafnt er hvort stærð eða lag útihúsa er sýnt, hvort hlutverks þeirra sé getið, hvort traðir og götur í túni eru teiknaðar og hversu mikið (eða hvort) upplýsingar um önnur mannvirki rata inn (t.d. um tóftir, brunna og garðlög) og hvort einhverjar upplýsingar um landslag eða gróðurfar séu á kortunum. Greinilegt er að áhugasvið mælingamanna hefur haft áhrif á hvernig þeir mældu og teiknuðu túnakortin. Nokkrir mælingamenn leggja talsverða rækt við að lýsa hvernig tún voru girt af og sem dæmi má nefna að Jón Ólafsson sem mældi í Vestur-Skaftafellssýslu greinir á milli hvort tún séu girt með hlöðnum

gördum (eingöngu), með görðum og vírgirðingu ofan á, með ein-, tvö- þre- eða jafnvel fjórfaldri vírgirðingu eða meira.


Á þeim kortum sem eru best gerð er mikið af aukaupplýsingum. Sem dæmi um slík kort má nefna kort Vigfúsar Guðmundssonar úr Gullbringu- og Kjósarsýslu Helsta einkenni á kortum Vigfúsar er að hann teiknar gjarnan stór svæði á hvert kort, sem samanstanda þá af mörgum býlum (en margir gera kort fyrir hvert býli) og færir inn mikið af umhverfisupplýsingum s.s. um gróðurfar, landslag og t.d. landbrot þar sem það á við. Vigfús ritar einnig mikinn texta inn á kortin sín og merkir ætíð inn heiti hjáleiga og víða eru örnefni og aðrar viðbótarupplýsingar á kortunum. Hann mælir einnig oft inn tóftir, garða, brunna, gryfjur o.fl. Önnur túnakort sem skera sig úr flórunni eru kort Páls Jónssonar. Helsta einkenni þeirra er útlitið en kortin eru vatnslitamáluð og mjög falleg. Kortin eru þó einnig ítarleg. Páll mælir hús og mannvirki í meiri smáatriðum en flestir aðrir mælingamenn og á kortum hans má t.d. sjá húsaskipan bæja, áttahorf, stærð, lögun og dyraop húsa o.s.frv. Á kortum Páls eru einnig gjarnan merktar tóftir, gamlir og nýir garðar, gaddavírsgirðingar, grjótlagðar stéttir, skurðir o.s.frv. en einnig er þar landslag sýnt betur en víða annars staðar og merktir inn móar, mýrar, lækir, eyrar og bakkar svo fátt eitt sé nefnt. Páll setur einnig stundum inn viðbótarupplýsingar sem honum þykja mikilvægar eins og á



Kort Jóns Þórarinssonar af Álftamýri í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Kortið er dæmi um fremur einfalda kortagerð og frágang en þó er talsvert af gagnlegum aukaupplýsingum að finna á því. Ljósmynd: Þjóðskjalasafn Íslands.



Dæmi um túnakort af einföldustu gerð. Kortið er af Hrísum í Helgafellssveit í Snæfellssýslu og það gerði Jóhann Bjarni Hjörleifsson. Mælingabók bendir til að hann hafi byggt kort sín á fremur fáum mælingum.. Ljósmynd: Þjóðskjalasafn Íslands



Túnakort fyrir í Staðarhreppi, Skagafjarðarsýslu. Dæmi um mjög einfalt túnakort með fáum og stöðluðum upplýsingum. Guðmundur Sveinsson teiknaði. Ljósmynd: Þjóðskjalasafn Íslands

Hlíðarenda þar sem hann hefur ritað inn á túnakortið við tóft sem hann teiknar inn "sagt að sé skálatóft Gunnars og steinar eru í skálaveggjum".[103]

Þegar kortin eru skoðuð sést einnig að sumir mælingamenn hafa lagt minni vinnu í kortin en aðrir. Á mörgum kortum er engar aukaupplýsingar að finna og sum staðar ekki einu sinni grunnupplýsingar. Kort Jóhanns Bjarna Hjörleifssonar úr Snæfells- og Hnappadalssýslu eru dæmi um mjög einföld kort. Allar línur eru dregnar fríhendis og útlínur túna byggja ekki á mjög nákvæmum mælingum eða teikningum. Útihús eru sýnd sem punktar, kálgarðar sem þríhyrningar og bæjarhús ferhyrningar og engar upplýsingar um stærð eða lögun mannvirkja fást af kortunum. Engar textamerkingar er að finna á og lítið sem ekkert af aukaupplýsingum. Kortin eru hvorki með mælikvarða, dagsetningu né nafni mælingarmanns. Annað dæmi um einföld kort, sem þó eru engar vísbendingar um að séu verr mæld en önnur eru kort Guðmundar Sveinssonar í Skagafjarðarsýslu. Þau eru mjög einföld, snyrtileg en alveg laus við allar ítarupplýsingar.

[103] Túnakort fyrir Hlíðarenda í Fljótshlíð. Páll Jónsson mældi 1.11.1919. Hlaðið niður af vefnum: http://manntal.is/myndir/Tunakort/Rangarvallasysla/Fljotshlidarhreppur/Vefmyndir/Fljotshlidarhreppur_016.jpg

6. Nýting í fortíð og nútíð

Ástæða þess að ráðist var í túnamælingar var sem fyrr segir þörf á því að afla áreiðanlegra upplýsinga um stærðir túna og kálgarða í sveitum landsins. Fram að þeim tíma er ráðist var í túnamælingar byggðu þær upplýsingar sem höfðu verið notaðar í árlegum Búnaðarskýrslum um stærðir túna og kálgarða í flestum tilfellum á mati bænda en ekki á eiginlegum mælingum. Í Búnaðarskýrslum sem sendar voru inn var líka algengt að ekki væri fyllt út í reiti um túnstærð og kálgarða og því þurfti annað hvort að nota gamlar upplýsingar eða ágiskanir þegar stærð túna var áætluð í sumum hreppum/sýslum.[104] Túnamælingunum var ætlað að bæta úr þessu.

Nýjar tölur um stærðir túna og matjurtagarða tóku að berast með túnakortum árið 1917 og var byrjað að nota þær, eins langt og þær náðu, við gerð búnaðarskýrsla strax sama ár. Túnakortin urðu helsta heimild skýrslnanna hvað þessi atriði varðaði næstu ár. Upphaflega var gert ráð fyrir að túnamælingunum yrði lokið árið 1920 en verklokin töfðust allt fram til 1930 (þótt um 84% korta hafi verið komin inn 1921).

Strax í upphafi 20. aldar unnu bændur víða að því að stækka tún sín og matjurtagarða þótt aukningin hafi orðið enn meiri þegar komið var undir miðbik aldarinnar og vélvæðing jókst. Á tímabilinu 1900-1940 stækkuðu tún að meðaltali á landsvísu um 1-2% árlega en kálgarðar um 4%.[105] Þegar skoðað er hvort hinar nýju mælingar hafi umbylt upplýsingum um stærð túna og

Ár	Túnstærð í ha	Aukning milli ára %	Kálgarðsstærð í ha	Aukning milli ára%
1900	**17202**	**0,0%**	**283**	
1910	18591	**7,5%**	**325**	**12,9%**
1920	22031	**15,6%**	453	**28,3%**
1930	26184	**15,9%**	455	**0,4%**
1940	35973	**27,2%**	2150	**78,8%**

Yfirlit um stærð túna og kálgarða hér á landi á árunum 1900-1940 og stækkun þeirra á milli áratuga. Taflan byggir á upplýsingum úr búnaðarskýrslum

kálgarða hér á landi verður að hafa þessa árlegu aukningu í huga. Þegar hún er höfð til hliðsjónar má sjá að einhverjar breytingar verða á tölum um tún- og kálgarðsstærðir umfram árlega meðaltalshækkun fyrstu árin sem tölur úr túnamælingum koma inn. Þannig hækka tölur um flatarmál túna hér á landi vel umfram meðaltal þrjú ár af fyrstu fimm árunum sem kortunum var skilað inn, eða um tæp 5% árið 1917, um 3,3% 1920 og 2,6% 1921. Önnur ár reyndist hækkunin milli ára vera í kringum eða undir meðaltali. Svipaða sögu er að segja um kálgarðana. Árið 1917,

[104] Búnaðarskýrslur 1917, 1919, bls. 19

[105] Umfjöllun um stærð túna og kálgarða sem hér fylgir á eftir byggir á Búnaðarskýrslum frá 1900-1940.

þegar upplýsingar um kálgarðastærð voru fyrst skráðar af túnakortum sem hafði verið skilað var fermetraaukning á milli ára meira en tvöfalt það sem vænta mátti í meðalári (eða 9,4% í stað um 4%). Árin 1921 og 1923 var aukningin líka umfram meðaltal en önnur ár sem túnakortum var skilað inn en annars var hún áþekk og í meðalári. Samanlagt má gera ráð fyrir að á tímabilinu 1917-1921 hafi túnamælingarnar leiðrétt upplýsingar um stærðir túna og kálgarða örlítið á þann veg að mæld tún og kálgarðar reyndust örlítið stærri en áætlað hafði verið áður, en gera má ráð fyrir að þessi leiðrétting hafi verið innan við 2% af meðaltali á túnum. Árin eftir 1921 bættust hins vegar fáar skýrslur um túnamælingar við og því var mat á stærð túna og kálgarða að mestu byggt á gömlum túnakortum (þ.e. túnakortum sem höfðu verið send inn árin á undan). Sú stækkun á túnum og kálgörðum sem gera má ráð fyrir að hafi átt sér stað á árunum 1922-1929 var því í flestum tilfellum ekki skráð í búnaðarskýrslur (heldur bara notast við gömlu túnakortin) og því stóðu landstölur um áætlaða stærð kálgarða og túna hartnær í stað árin 1922-1929. Árið 1930 þegar aftur var notað nýtt og uppfært mat á túnstærð og kálgörðum úr Fasteignamati tók áætluð stærð túna hins vegar stökk upp á við um tæp 13% og stærð kálgarða um 7,3%. Það er því ekki að sjá að túnakortagerðin hafi haft afgerandi eða varanleg áhrif á mat á stærðum túna og kálgarða. Af þessu má líklega álykta að stærð túna- og kálgarða hafi í rauninni verið ágætlega áætlaðir áður en túnakortaverkefnið fór af stað. Árið 1930 var síðustu túnamælingunum skilað og mætti því segja að það ári marki verklok. Þá voru 14 ár liðin frá fyrstu mælingum og elstu kortin orðin of gömul til að teljast fullkomlega sambærileg við þau yngstu. Sama ár var hætt að nota mælingar af túnakortum í Búnaðarskýrslum (nema þar sem slíkar mælingar vantaði)[106] og má því segja að túnakortin hafið orðið úreld sem mæligögn um leið og kortagerðinni lauk. Vægi túnamælinganna fyrir hagtölur reyndist því ekki eins mikið og gert var ráð fyrir í upphafi en túnakortin urðu engu að síður gríðarlega mikilvæg heimild, þrátt fyrir að það hafi orðið á annan hátt en gert var ráð fyrir í upphafi.

Þrátt fyrir að túnakortin hafi fljótt fallið úr gildi sem heimild um stærð túna og kálgarða þá hafa kortin hlotið endurnýjun lífdaga á síðustu tveimur áratugum. Þau hafa orðið eitt helsta hjálpargagn fornleifafræðinga við að staðsetja minjar í túnum, sér í lagi þar sem yfirborðsummerki um fornar byggingar eru horfin.

[106] Búnaðarskýrslur 1930, 1933, bls. 8-9.

7. Áreiðanleiki túnakortanna

Fornleifastofnun Íslands hefur nýtt sér túnakort við fornleifaskráningu allt frá upphafi og nú er svo komið að það telst sjálfsagður hluti fornleifaskráningar að skrá alla þá staði sem merktir voru á túnakortin á sínum tíma. Á síðustu tveimur áratugum hafa fornleifafræðingar á vegum Fornleifastofnunarinnar skráð meira en 30.000 minjastaði á vettvangi. Við þessa skráningu hafa a.m.k. eittþúsund túnakort verið notuð á vettvangi til að staðsetja minjar í túni. Mikilvægt er að nákvæmni og áreiðanleiki kortanna sé þekktur til að hægt sé að staðsetja horfin mannvirki í sléttum túnunum. Það væri því verðugt verkefni að gera ítarlega könnun á áreiðanleika túnakorta eftir mælingamönnum, t.d. með því að gera kerfisbundna úttekt á nokkrum túnum sem hver mælingamaður mældi og bera kortin sama við tún þar sem minjar sjást eða heimildamenn hafa getað bent á nákvæma staðsetningu í fornleifaskráningu. Sú fornleifaskráning sem gerð hefur verið hér á landi á síðustu tveimur áratugum ætti að auðvelda slíka samanburðarrannsókn til muna. Ekki er rými fyrir slíka úttekt innan þeirrar rannsóknar sem hér er greint frá en höfundur stefnir á að leita eftir frekari styrk til slíkrar rannsókna í framhaldinu í ljósi þess vægis sem túnakortin hafa í fornleifaskráningu hér á landi. Að þessu sinni verður látið nægja að segja stuttlega frá þeirri reynslu sem fornleifafræðingar á Fornleifastofnun Íslands hafa haft af kortunum á undanförnum árum og greint frá helstu göllum og styrkleikum kortanna sem byggir á þeirri reynslu.

Til að fá mynd af notkun kortanna við fornleifaskráningu var gerð óformleg könnun á meðal þeirra fornleifafræðinga á Fornleifastofnun sem hvað mest höfðu skráð minjar á síðustu árum og þeir spurðir út í notkun kortanna. Spurt var um hversu áreiðanleg þeim þættu kortin og hvort þeir tækju eftir mun á nákvæmni/áreiðanleika eftir svæðum. Þar sem skrásetjarar höfðu tekið eftir áberandi villum á túnakortunum var reynt að afla upplýsinga um hvers konar villur þeir hefðu rekið sig á og hvort líklega væri um að kenna kerfisbundinni skekkju sem gæti verið afleiðing af þeim mælingaaðferðunum sem notaðar voru eða hvernig þeim var beitt, eða hvort um er að kenna mistökum eða ónákvæmni. Spurt var hvort skrásetjarar teldu algengara að finna skekkjur í stórum túnum en litlum, eða túnum í halla, hvort þeir hefðu tekið eftir meiri villum á ákveðnum svæðum en öðrum o.s.frv. Meginniðurstaða þeirrar notkunar er sú að túnakortin þykja í almennt merkilega áreiðanleg heimild hvað varðar megindrætti túna og grófa staðsetningu húsa og kálgarða. Þrátt fyrir það hafa fornleifafræðingar rekist á ýmis vandamál við notkun kortanna og verða hér nefnd nokkur dæmi.

7.1 Einstaklingsbundnar villur, mismunur á milli svæða

Þeir skrásetjarar sem rætt var við voru sammála um að notkun túnakortanna hefði sannfært þá um að kortin væru að öllu jöfnu áreiðanleg að því sem sneri að stærð og lögun túnanna og

staðsetningu helstu húsa. Þeir bentu þó á að varhugavert væri að treysta staðsetningu húsa upp á metra (þótt sumstaðar væru túnakortin merkilega nákvæm) en yfirleitt mætti treysta grófri staðsetningu nokkuð vel. Skrásetjarar voru sammála um að heilt á litið væri gott samræmi í áreiðanleika túnakortanna en sumir skrásetjarar höfðu þó skráð á svæðum þar sem þeir töldu túnakortin heilt yfir óáreiðanlegri en annars staðar. Sem dæmi um þetta voru nefnd túnakort úr Ölfushreppi og Selvogi en sömu menn mældu þau (Bjarni Eggertsson og Sveinbjörn Ólafsson).[107] Reynslan af túnakortunum í þessum sveitum er að talsverð skekkja geti verið í staðsetningum og fjarlægðum húsa og í afmörkun túns raunar svo mjög að erfitt væri að treysta kortunum fyllilega sem sjálfstæðri heimild þótt þau gætu talist gagnleg með hliðsjón af öðrum heimildum eða þar sem heimildamenn gátu hjálpað til. Að öðru leyti virðast stórfelldar eða kerfisbundnar villur á stórum svæðum vera óalgengar þótt allir hefðu rekist á túnakort inn á milli sem greinilega virtust vitlaust mæld eða einfaldlega röng. Á mörgum svæðum sögðust skrásetjarar hafa rekist á einhver kort sem skáru sig úr flórunni og virtust passa illa við upplýsingar frá heimildamönnum, tóftir í túnum eða aðrar tiltækar upplýsingar. Flestir lögðu þeir áherslu á að slík kort væru alla jafna undantekning frá reglunni og giskaði einn á að undir venjulegum kringumstæðum væru meira en 95% korta í góðu lagi hvað varðar helstu atriði svo sem gróflega áætlaða staðsetningu útihúsa.

Þrátt fyrir þetta bentu skrásetjarar á að kortin væru mjög misjöfn hvað varðar hvað væri teiknað og hversu mikið væri lagt upp úr lagi útihúsa eða nákvæmri lögun túna. Túnjaðar er víða teiknaður með beinni línu á milli mælipunkta (jafnvel þar sem sveigjur voru á túnjaðri eða þar sem ár eða lækir hlykkjuðust í túnjaðri). Oft virðast mælingamenn bara mæla punkta í túnjaðri með ákveðnu millibili eða þar sem breytingar verða og draga beina línu á milli þeirra. Dæmi um slík túnakort eru t.d. kort Páls Zóphaníasarsonar úr Borgarfjarðarsýslu, Halldórs Jónssonar úr Strandasýslu, Andrésar Eyjólfssonar úr Mýrasýslu, Lúðvíks Schou úr nokkrum hreppum í Norður-Múlasýslu og kort Eiríks Ingibergs Eiríkssonar Sverrissonar úr tveimur hreppum í Vestur-Skaftafellssýslu. Sem dæmi um hið gagnstæða, þ.e. kort þar sem nokkuð virðist hafa verið lagt upp úr að sýna boga og beygjur, lækjarhlykki og aðra náttúrulega afmörkun túnanna, má nefna kort Vigfúsar Guðmundssonar úr Gullbringu- og Kjósarsýslu, kort Þorsteins Sigurðar Stefánssonar úr Suður-Múlasýslu og Páls Jónssonar úr þremur hreppum í Rangárvallasýslu.

7.2 Kerfisbundnar villur

Þrátt fyrir að þeir notendur túnakorta sem rætt var við væru sammála um að túnakortin væru að öllu jöfnu merkilega áreiðanleg hvað varðar stærð og lögun túna og staðsetningu helstu

[107] Þeir félagarnir mældu líka Sandvíkur- og Gaulverjabæjarhrepp saman og Bjarni mældi að auki Stokkseyrar- og Eyrarbakkahrepp (mögulega með einhverri aðstoð frá Sveinbirni).

mannvirkja þá voru flestir sammála um að ákveðin atriði yllu gjarnan kerfisbundinni skekkju og hér verða nefnd þau helstu.

Ein algengasta villan sem fornleifafræðingar hafa tekið eftir varðandi túnakortin er nákvæmni í fjarlægðum milli mannvirkja í túnum. Oftast er raunin sú að fjarlægð er vanmetin. Dæmi um þetta eru sumar af mælingum Jóns Ólafssonar (sem mældi flesta hreppa í Vestur-Skaftafellssýslu). Jón virðist hafa verið fremur nákvæmur mælingamaður en hefur þá meginreglu að leggja aðeins út eina grunnlínu og mæla út frá henni. Það er misjafnt hversu vel túnin koma út úr slíkri mælingu en þar hefur stærð þeirra áhrif og líklega einnig hvar línan var sett út og hvort túnið var í halla. Dæmi um tún sem Jón mældi og nokkuð greinileg kerfisbundin skekkja er í er á Ljótarstöðum í Skaftártungu. Þar samsvaraði lögun túnsins og afstaða útihúsa ágætlega raunveruleikanum en fjarlægðir voru flestar vanreiknaðar þannig að talsverðu munaði. Þetta mátti sannreyna þar sem tóftir flestra húsanna eru enn óraskaðar í túninu. Oftast virtist sú fjarlægð sem Jón gaf upp að útihúsunum vera um 70% af eiginlegri fjarlægð. Í þessu tilfelli hefur án efa aukið á skekkjuna að túnið er í hvammi þannig að útihúsin voru flest í brekkum í túnjaðri en bærinn stóð neðar.



Tún á Efstabæ í Skorradal. Á myndinni sést vel hvernig túnakortið er nær of langt til vesturs miðað við túnjaðar. Lengst til vinstri er merkt með rauðu lega kálgarðs (neðar) og útihúss (ofar) samkvæmt korti Páls en austar eru rauðmerktir punktar þar sem þessi mannvirki voru í raun. Elín Ósk Hreiðarsdóttir (2012).

Sumir þeirra sem notað hafa túnakortin til að staðsetja fornleifar töldu sig hafa merkt meiri ónákvæmni í fjarlægðum þegar túnin voru mjög stór og var túnakort fyrir túnið á Möðruvöllum í Hörgárdal sem Kristján Eldjárn Kristjánsson teiknaði nefnt sem dæmi um slíkt túnakort. Einnig voru nefnd nokkur dæmi um mikla skekkju þar sem stök útihús voru í jaðri túna, langt frá öðrum mannvirkjum. Í þessum tilfellum virðast mælingarnar áreiðanlegar um þau hús


sem stóðu þétt saman í miðju túni en þeim mun ónákvæmari sem stök hús voru lengra frá miðjunni. Þetta kemur ekki á óvart í ljósi þeirra mælingaaðferða sem notaðar voru. Túnamælingamennirnir strengdu línur yfir túnið á sem miðlægastan hátt (oft næst sem flestum af húsunum sem mæla þurfti inn) og væru notaðar fleiri en ein grunnlína var oftast leitast við að hafa þær þannig að sem best mæling næðist á sem stærstum hluta húsa og túns. Sem dæmi um skekkju sem stafar af þessari aðferð má nefna tún á Efstabæ í Skorradal sem Páll Zóphaníasson mældi. Mælingar Páls virðast að öllu jöfnu nákvæmar. Þegar hann mældi minni tún lagði hann út a.m.k. þrjár grunnlínur (í þríhyrning) en oftast virðist hann hafa lagt út a.m.k. fjórar mælilínur í ferhyrning og stundum fleiri línur þvert yfir flötinn. Á Efstabæ endurspeglar túnakortið lögun túns og staðsetningu útihúsa ágætlega og fjarlægðir á milli bæjar og þeirra húsa sem næst honum stóðu eru áreiðanlegar. Þegar fjarlægð að útihúsi sem var norðvesturjaðri túns er skoðuð á túnakorti virðist húsið eiga að vera um 180 m frá bæ. Þegar túnið var skoðað á vettvangi kom í ljós að umrætt hús var aðeins um 80 m frá bæ og því var sú fjarlægð sem Páll gaf upp meira en tvöfalt lengri en raunveruleikinn. Hugsanlegt er að einfaldlega sé um ritunarvillu að ræða en það virðist þó ólíklegt þar sem Páll mældi oftast túnjaðarinn á nokkrum stöðum líka og hefði það átt að leiðrétta slíka villu. Líklegra virðist að orsökin sé að útihúsið er stakt, langt frá flestum öðrum húsum og bæ og eflaust hefur einnig spilað inn í að þessi hluti túnsins er í brattri brekku ofan við bæinn.

Almennt virðist meiri líkur séu á vanreiknuðum fjarlægðum þar sem uppmæld tún voru í halla eða mikið af hæðum og hólum var að finna innan þeirra. Ljóst er að til að losna við skekkjur af þessu tagi hefðu mælingamenn þurft að mæla hallann í þeim í túnum sem ekki eru flöt en engar vísbendingar fundust um slíka útreikninga í mælingabókunum og líklegt að því hafi oftast verið sleppt. Kerfisbundin úttekt þyrfti þó að fara fram til að fullyrða um í hvaða mæli þetta var en ljóst er að margt hefur getað spilað inn í og aukið skekkju á mælingum túnanna.

Ein algengasta og greinilegasta skekkjan á túnakortunum sem fornleifafræðingar hafa rekið sig á við notkun kortanna varðar mælingar á stakstæðum túnum. Þar sem stök tún höfðu verið ræktuð eða nátthagar gerðir skammt frá túnum mældu túnamælingamenn þau oftast upp og teikna inn á túnakortið. Stundum eru slík tún í réttri afstöðu við túnið en algengara er að bæði fjarlægð frá aðaltúni og áttatilvísun þeirra bæði gagnvart túni en eins stundum áttatilvísun sjálfs túnsins sé ekki í réttri afstöðu við aðaltúnið. Oft virðast stakstæð tún einfaldlega teiknuð þar sem pláss var á túnakortinu. Í einhverjum tilfellum gera mælingamenn grein fyrir þessu á túnakortinu en oft er enga skýringu að finna. Að samanlögðum svörum skrásetjara að dæma er staðsetning stakstæðra aukatúna/nátthaga á túnakortunum svo oft vafasöm að best er að taka henni ætíð með fyrirvara.

7.3 Samanburður milli korta

Í þessari fyrstu rannsókn á túnakortum gefst ekki tækifæri til að sannreyna nákvæmni túnakortanna með kerfisbundnum hætti. Besta leiðin til að gera það er sem fyrr segir að skoða tún þar sem tóftir eru óhreyfðar og fornleifar hafa verið skráðar og ber staðsetningarnar saman við túnakortin. Sem dæmi um slíkan samanburð má nefna kort af túninu í Narfastaðaseli í




Tún og túnakort af Narfastaðaseli. Eins og sjá má falla merkingar á túnakorti og minjar vel saman og túnakortið virðist nokkuð nákvæmt.Birtist í: Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2004.

Reykdælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu sem Baldvin Friðlaugsson búfræðingur teiknaði. Bærinn fór í eyði árið 1940 og tóftir af flestum þeim mannvirkjum sem sýnd eru á túnakortinu eru enn í

túninu. Þetta er gott dæmi um túnakort þar sem allar fjarlægðir og staðsetningar koma vel heim og saman við raunveruleikann.

Önnur leið til að kanna áreiðanleika kortanna er að bera þau saman við bæjateikningar sem danskir landmælingamenn gerðu af túnum hér á landi 1904-1906. Bæjateikningarnar náðu gjarnan yfir stærra svæði en bara túnin og á þeim er að finna upplýsingar um gróðurfar, hæðarlínur, hús í túni, vegi og landshætti. Samanburður við túnakortin sem gerð voru ríflega áratug síðar sýnir talsvert mikinn mun á kortunum. Hluti af þessum mun á sér eðlilegar skýringar enda höfðu hús sumstaðar vikið, nýir kálgarðar verið gerðir eða heimreiðir færst til o.s.frv.[108] Þar sem kortin sýna gróðurfar og víðara samhengi túnanna er oft auðveldara að nota dönsku kortin en íslensku túnakortin. Dönsku kortin voru hinsvegar aðeins teiknuð fyrir tiltölulega fáar jarðir, aðallega jarðir á Suðurlandi og því gefa þau ekki sömu heildamynd af landinu og túnakortin.

Til gamans verða hér borin saman þrjú sett af dönsku kortunum og túnakortum. Þegar



Bæjarteikning fyrir Kvísker í Hofshreppi A-Skaftafellssýslu frá 1904 (til vinstri) og túnakort af sama túni frá 1919 (til hægri - Sigurður Þorsteinsson teiknaði). Samanburður sýnir ýmsar breytingar sem hafa átt sér stað á þeim áratug sem leið á milli mælinganna. Sem dæmi má nefna að heimreið niður frá bænum var aflögð. Á danska kortinu eru einnig sýndar tvær tóftir og hús austarlega í túni sem ekki er teiknað á túnakortið. Húsið (Lambhús) hefur líklega verið fallið úr notkun 1919. Eftirtektarvert er hvernig túnjaðarinn er teiknaður með mismunandi nákvæmni á kortunum tveimur.Ljósmyndun: Þjóðskjalasafn Íslands og Landmælingar Íslands.

kortin eru skoðuð má strax sjá margvíslegan mun. Fyrir utan þá staðreynd að Danirnir teikna upp gjarnan upp stærra svæði, lita þau og sýna hæðarlínur er það fyrsta sem vekur athygli hversu miklu

[108] Raunar er áhugavert og mögulegt rannsóknarefni hversu mikill munurinn er í raun þar sem hann bendir til að á ríflega áratugs tímabili hafi orðið talsverðar breytingar á mannvirkjum í túnum hér á landi.

meira Danirnir leggja upp úr að teikna nákvæma lögun túna. Hjá þeim sjást bogar og bylgjur, halar og krókar í túnum að öllu jöfnu betur en á túnakortunum frá 1916-25. Í flestum tilfellum er samræmi milli staðsetningar útihúsa nokkuð gott, a.m.k. svo gott að auðvelt er að átta sig á því hvaða hús eru sömu byggingar á kortunum tveimur. Eins og áður kom fram lét Búnaðarfélag Íslands sumarið 1914 nokkra mælingamenn gera tilraunir með hversu tímafrek og kostnaðarsöm mæling á túnum kynni að verða. Mælingar tveggja þeirra hafa varðveist og er athyglisvert að bera



Bæjarteikning af Gröf í Skaftártungu frá 1904 (til vinstri) en túnakort af sama túni frá 1920 (til hægri). Eins og sjá má af myndinni er góð samsvörun á milli kortanna, bæði hvað varðar stærð og lögun túnanna og staðsetningu húsa. Helsti munurinn er að tvö hús og kálgarður hafa bæst við á yngra kortið og hafa væntanlega verið byggð í millitíðinni en athygli vekur einnig að tvö af húsunum sem Danirnir teikna eru ekki á túnakortinu. Annað þeirra er gamla bæjarstæðið á jörðinni(austur af bæjarhúsunum milli þeirra og Grafarlækjar) en hitt eru Efstuhús, fjárhús við austurjaðar túns sem voru í notkun allt fram til 1970 en virðast hreinlega hafa gleymst á túnakortinu. Ljósmyndun: Þjóðskjalasafn Íslands og Landmælingar Íslands.

þau saman við teikningar þeirra mælingamanna sem síðar mældu sömu tún.[109] Sigurður Kristjánsson mældi þrjú tún í Eyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu 1914 en Magnús Kristjánsson mældi túnin aftur (a.m.k. tvö þeirra) síðar (líklega 1921). Jón Jónatansson mældi fimm tún í Stokkseyrarhreppi 1914 en síðar (um 1920) mældi Bjarni Eggertsson þau. Þessi kort er því hægt að bera saman. Munurinn er athyglisverður. Þegar kort Sigurðar og Magnúsar eru borin saman má sjá að kortin fyrir Syðra- og Efrasel eru áþekk en nákvæmni er í mælingum Sigurðar og virðist

[109] Valtýr Stefánsson mældi „nyrðra“ en ekki fundust gögn frá honum við rannsóknina og líklegt er að Benedikt Blöndal sem mældi eystra hafi einfaldlega notað þær mælingar þegar hann mældi síðar hin eiginlegu túnakort, a.m.k. hafa ekki fundist nein tvítök sem gætu verið úr eldri mælingu.



Bæjarteikning af Torfastöðum í Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu frá 1906 (efst) og túnakort frá 1918-1919 (beggja vegna við). Páll Jónsson teiknaði kortið til vinstri en Skúli Skúlason til hægri. Talsverður munur er á kortunum, t.d. hvað varðar túnjaðar og fjölda útihúsa. Á túnakortið til hægri vantar þrjú útihús sem Danirnir teikna en á kortið til vinstri vantar fimm hús sem sýnd eru á korti Dananna. Í flestum tilfellum er talið líklegt að húsin sem ekki eru sýnd á túnakortunum hafi verið fallin úr notkun þegar þau eru gerð. Á túnakortinu til vinstri eru tveir kálgarðar merktir sem ekki eru á danska kortinu, og líklega nær það aðeins skemur til vesturs.Ljósmyndun: Þjóðskjalasafn Íslands og Landmælingar Íslands.


meira lagt í að teikna lögun túnsins nákvæmlega heldur en hjá Magnúsi. Þegar þau tún sem mæld voru í Stokkseyrarhreppi eru borin saman má sjá að túnið á Stokkseyri er áþekkt hjá báðum mælingamönnum en mikill munur er á mælingum þeirra fyrir Ásgautsstaði, í raun svo mikill að erfitt væri að átta sig á því að um sama tún væri að ræða ef þau væru ekki bæði merkt kyrfilega. Hús voru ekki teiknuð að neinu ráði í tilraunamælingunum og því er ekki hægt að skoða hvort samræmi sé í því hvernig þau voru teiknuð en það hversu mikið ber á milli í mælingum á túnjaðri vekur ákveðnar efasemdir um áreiðanleika. Þegar tölur um stærð túna og matjurtagarða eru skoðaðar kemur einnig í ljós talsvert misræmi og er athyglisvert að tilraunamælingarnar gefa á bilinu 4-26% stærri tún og kálgarða en mælingarnar sem síðar voru gerðar. Aðeins ein mæling

(stærð túns Syðsta-Kakkar) er stærri í yngri mælingunum. Munurinn á mælingum túna og matjurtagarða er nokkuð sláandi en ólíklegt er að hann skýrist af nokkru öðru en ónákvæmni í mælingum eða mismunandi mælingaaðferðum. Í ljósi þess að víða munaði allt að fjórðungi á mælingunum í fyrra og seinna skiptið má velta upp þeirri spurningu hvort mælingar á túnunum hafi í raun gefið eins áreiðanlegar niðurstöður og eins og vonast var eftir í upphafi.


Þessi lauslega samantekt um nákvæmni túnakortanna bendir til að þær mælingaaðferðir sem notaðar voru hafi takmarkað nákvæmni kortanna talsvert. Kortin hafa verið notuð í fornleifaskráningu á síðustu tveimur áratugum og hefur sú notkun sýnt að kortin gefa að öllu jöfnu góða vísbendingu um fjölda og dreifingu húsa og annarra mannvirkja í túnum hér á landi í upphafi 20. aldar þrátt fyrir að ekki sé hægt að treysta á nákvæmni þeirra í blindni. Oftast má þó nota kortin til að fá góða hugmynd um grófa staðsetningu húsa og garða. Þar sem fleiri kort frá svipuðum tíma eru tiltæk, s.s. dönsku bæjateikningarnar er ljóst að best er að nota þau samhliða túnakortunum. Þar sem slík gögn eru ekki tiltæk verður að nota kortin með fyrirvara um nákvæmni. Ljóst er að þörf er á heildstæðri samanburðarrannsókn þar sem túnakortin eru borin saman við aðrar tiltækar heimildir og fornleifar sem sjást á vettvangi svo að unnt sé að leggja betra mat á gæði og nákvæmni korta eftir mælingamönnum og svæðum.

Bær	Tilraunamæling 1914	Eiginlegt túnakort 1917-1922	munur %
Syðra-Sel túnstærð (ha)	2,39	2	-16
Syðra-Sel matjurtagarðar (m^2)	685	645	-6
Efra-Sel túnstærð	2,29	2,2	-4
Efra-Sel matjurtagarðar	769	569	-26
Syðsti-Kökkur túnstærð	2	2,5	18
Syðsti-Kökkur matjurtagarðar	989	805	-18
Ásgautsstaðir túnstærð	4,05	3	-26
Ásgautsstaðir matjurtagarðar	1467	1142	-22
Stokkseyri A túnstærð	0,89	0,8	-10
Stokkseyri A maturtagarðar	upplýsingar vantar	1864	?

Tafla sem sýnir stærðir túna og matjurtagarða samkvæmt mælingum 1914 annarsvegar og frá árunum 1917-1922 hins vegar og þann mun sem var á þeim (í %)



Túnakort Sigurðar Kristjánssonar af Syðsta-Kökk og Efra-og Syðra-Seli í Eyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu (mælt í tilraunaferð 1914) til vinstri en kort Magnúsar Kristjánssonar af sömu túnum til hægri. Ljósmyndun: Þjóðskjalasafn Íslands.



Túnakort Jóns Jónatanssonar (í tilraunaferð 1914) af Asgautsstöðum og Stokkseyri (austurtúni) til hægri en túnakort Bjarna Eggertssonar af sömu túnum til vinstri. Ljósmyndun: Þjóðskjalasafn Íslands.

8. Niðurlag

Ljóst er að sú túnamæling og kortagerð sem gerð var af hartnær öllum ræktuðum túnum hér á landi í upphafi 20. aldar var mikið þrekvirki. Aðdragandi þess að ráðist var í þessa metnaðarfullu úttekt var í raun og veru fremur stuttur og menn virðast hafa verið sammála um nauðsyn þess að fá nákvæmt yfirlit yfir stærð túna og kálgarða í landinu og hvert hlutfall sléttaðra túna væri. Að verki loknu voru kortin send til Hagstofu Íslands sem skyldi nota þau til að gera ítarlegri hagskýrslur um landbúnað og framleiðni. Túnakortagerðin tók lengri tíma en áætlað var og því fór það svo að þegar síðustu kortunum var skilað inn, árið 1930 var svo langt liðið frá því að fyrstu kortunum hafði verið skilað að ákveðið var að tölurnar um túnstærð og kálgarða væru orðnar of gamlar til að vera að fullu sambærilegar og að betra væri að nota tölur um sama efni úr Fasteignaskýrslum. Þær tölur voru því notaðar frá og með árinu 1930.[110] Mælingarnar virðast því hafa verið úreltar um leið og kortagerðinni lauk formlega. Gildi túnamælinganna fyrir landshag varð því ekki eins mikið og gert var ráð fyrir í upphafi. Allt bendir til þess að kortin hafi lítið verið notuð á næstu árum og fljótlega fallið í gleymsku. Það var ekki fyrr en á síðasta áratug 20. aldar að rykið var dustað af þeim þá í alveg nýjum tilgangi: til að skrá fornleifar.

Túnakort hafa verið sá grunnur sem minjaskráning í túnum hér á landi hefur hvílt mest á frá því að skráning fornleifa hófst af krafti á 10. áratug 20. aldar. Þrátt fyrir að kortin séu síður en svo tæmandi yfirlit um mannvistaleifar í heimatúnum þá eru þau heildstæðasta heimildin sem er tiltæk um minjar í heimatúnum og kortin geyma ómetanlegan fróðleik um staðsetningu og fjölda útihúsa á þeim tíma sem þau eru gerð. Rannsókn á aðdraganda, lagaumhverfi og framkvæmd mælinganna sýnir að allt kapp var lagt á að mælingarnar og túnakortin væru sambærileg og kerfisbundin. Mælingaaðferðin var líklegast víðast eða mögulega alls staðar sú sama, bakgrunnur mælingamanna var áþekkur og leitast var við að gefa nokkuð ítarlegar leiðbeiningar um það hvernig skyldi mæla og hvað. Samanlagt má segja að gott samræmi sé á milli kortanna í grunnatriðum. Þegar skyggnst er dýpra kemur hins vegar í ljós að munur er á gæðum og nákvæmni túnakortanna. Yfirferð yfir mælingabækur sem geyma frummælingar fyrir túnakortin leiddi í ljós að mismargar mælingar liggja að baki hverju korti (bæði mismargar grunnlínur lagðar út og mismargar mælingar gerðar út frá þeim að því sem mæla skyldi) og sömuleiðis er misræmi í því hvað var mælt og hvaða aukaupplýsingar voru skráðar. Ýmislegt bendir því til að sjálfir uppdrættirnir séu misjafnir að gæðum eftir svæðum/mælingamönnum. Ljóst er að þörf er á ítarlegri samanburðarrannsókn til að leggja mat á nákvæmni túnakorta eftir svæðum ef nota á þau áfram í fornleifaskráningu á svipaðan hátt og til þessa. Líklegt er að svo verði enda eru túnakortin

[110] *Búnaðarskýrslur árið 1930,* 1933, bls. 8-9. Fasteignamatið var notað alls staðar sem það var til en upplýsingar frá túnamælingaverkefninu notaðar þar sem þær vantaði.

veigamesta heimildin um menningarlandslag og minjar í túnum á Íslandi fyrir vélaöld og sömuleiðis um stærð og ástand túna en slíkar upplýsingar eru gríðarlega mikilvægar fyrir rannsóknir á búskap og efnahag í gamla bændasamfélaginu.

Gildi túnakortanna fyrir samtíð og framtíð er m.a. fólgið í því að þau sýna í stórum mælikvarða nærumhverfi allra byggðra bóla á Íslandi rétt *áður* en holskefla tækniframfara reið yfir, holskefla sem átti eftir að gerbreyta ásýnd og skipulagi íslenskra sveitabæja. Túnakortin eru því einstæð heimild um horfinn heim.

Heimildaskrá

116. mál, mælingar á túnum og matjurtagörðum. Neðri deild: 55. fundur, 24. löggjafarþing. Sjá dálk 2353 í C-deild Alþingistíðinda. (2592). Sótt 16. september 2016 af http://www.althingi.is/altext/raeda/?lthing=24&rnr=2592

52. mál, tún og matjurtagarðar. Neðri deild: 19. fundur, 26. löggjafarþing. Dálkur 1061 í B-deild Alþingistíðinda. 1873. Sótt 16. september 2016 af: http://www.althingi.is/thingstorf/leit-ad-thingmalum/efnisyfirlit/millivisanir?ltg=26&mfl=A&mnr=52

A Practical Guide to Recording Archaeological sites. 2011. The Royal Commission on the Ancient and Historical Monuments of Scotland. Edinborg.

Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2004. *Fornleifaskráning á Narfastöðum í Reykjadal.* FS261-04151. Fjölrit, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Búnaðarskýrslur 1912-1930. 1914-1933. Hagskýrslur Íslands I, nr. 2-75. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Búnaðarrit. 1913. „13. kafli: frá jarðræktarnefnd." 27. árgangur, 1. tbl.

Dönsku bæjateikningarnar eru á vef Landmælinga Íslands: http://www.lmi.is/landupplysingar/soguleggogn/

Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2012. *Í túninu heima: skráning fornleifa í heimatúnum á Háafelli, Bakkakoti, Sarpi, Efstabæ, Vatnshorni og Haga í Skorradal.* FS483-10021. Fjölrit, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Fréttatilkynning frá ASÍ, september 2014 „Forstjórar með tugföld árslaun á við venjulegt launafólk".

Hallur Örn Jónsson. 2014. *Framfærsla verkamanna í Reykjavík á öndverðri 20. öld.* Ritgerð til B.A. prófs í Sagnfræði. Háskóli Íslands.

https://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/minni-heimsins

http://unesco.is/landsskra-islands-um-minni-heimsins/

Landhagskýrslur fyrir Ísland 1900-1912. 1901-1912. Útgefanda vantar, Gutenberg, Reykjavík.

Lög nr. 58/1915 um mælingar á túnum og matjurtagörðum. 1915. Afgreidd frá neðri deild þingsins þann

13. september, 1915. Þingtíðindi 26. þing.

Norðurland. 1913. 13. árgangur 28. tölublað (12.07.1913).

Orri Vésteinsson. 16.11.2016. Munnleg heimild.

"Reglugjörð um mælingar á túnum og matjurtagörðum samkvæmt lögum númer 58, 3. nóvember 1915". 1916. *Stjórnartíðindi.*Reglugerð nr. 10/1916. Undirritað af Einari Arnórssyni.

Svar Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra við spurningu Kolbrúnar Halldórsdóttur (978. svar). 133. löggjafarþing 2006–2007. Þskj. 978 — 532. mál. Sótt 16. nóvember 2016 af:

http://www.althingi.is/altext/133/s/0978.html

Túnakort 1916-1930:

http://manntal.is/myndir/Tunakort/ og www.archivesportaleurope.net

Tölvupóstur frá Magnúsi S. Magnússyni á skrifstofu yfirstjórnar Hagstofunnar, sendur 31. október 2016.

Tölvupóstur frá Jóni Torfasyni Þjóðskjalasafni Íslands, sendur 10. nóvember 2016.

ÍSLEIF: gagnagrunnur Fornleifastofnunar Íslands um fornleifar.

Skjöl af Þjóðskjalasafni Íslands

Bréf Atvinnu- og samgönguráðuneytis til sýslumanns í Skaftafellssýslu. Minnisblað, dagsett 2. febrúar 1928. Db. 7, nr. 849.

Bréf Björgvins Vigfússonar sýslumanns í Rangárvallasýslu til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 7. júlí 1916. Db. 5 nr. 363, 22/7/16.

Bréf Búnaðarfélags Íslands til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 4. maí 1914. Undirritað af Guðmundi Helgasyni. Fylgiskjal með 100. frumvarpi til laga um mælingar á túnum og matjurtagörðum.

Bréf Búnaðarfélags Íslands til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 4. maí 1915. Fylgiskjal með lagafrumvarpi sem lagt var fyrir á Alþingi árið 1915.

Bréf Búnaðarfélags Íslands til Stjórnarráðs Íslands, dagsett 13. ágúst 1915. Undirritað af Guðmundi Helgasyni. Db. 4, nr. 271.

